



FRELSI ÁBYRGÐ VELLÍÐAN ÁRANGUR



Ársskýrsla Garðaskóla 2015-2016

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

Ársskýrsla Garðaskóla 2015-2016

Ritstjóri: Brynhildur Sigurðardóttir

Forsíðumynd er tekin af Hildi Rudolfsdóttur kennsluráðgjafa þegar hópur stúlkna í 9. bekk heimsótti verkefnið „Stúlkur og tækni“ í Háskólanum í Reykjavík í apríl 2016.

Fjöldi prentaðra eintaka: 10

Skýrslan er aðgengileg á rafrænu formi á vef Garðskóla: <http://gardaskoli.is/>

EFNISYFIRLIT

Inngangur	5
Garðaskóli	6
Skóladagatal 2015-2016.....	6
Nemendur	6
Starfsumhverfi nemenda.....	8
Matsala nemenda	8
Nemendafélagið	8
Nemendaráð Garðaskóla	9
Námsárangur nemenda	9
Samræmd próf.....	13
Starfsmenn Garðaskóla	14
Stjórnendur og nemendavernd	14
Fagstjórar	14
Breytingar í starfsmannahópnum.....	15
Nefndir og ráð	15
Starfsþróun.....	15
Foreldrar	16
Skýrsla stjórnar foreldrafélagsins	16
Skólaráð	18
Húsnæði skólans	18
Skýrsla skólastjóra - niðurstöður innra mats	19
Áherslur 2015-2016: Nemendur, námið	20
Áherslur 2015-2016: Kennarar, kennslan	21
Áherslur 2015-2016: Starfsmenn, vinnuumhverfi.....	21
Áherslur 2015-2016: Skólasamfélagið	22
Nýtt námsmat - bylting í náms- og kennsluháttum	24
Læsi í Garðaskóla	25
Áfallaráð.....	27
Ársskýrslur deilda	28
Skýrsla deildarstjóra árganga	28
Skólasókn og ástundun nemenda	29
Viðburðadagatal skólaársins.....	32
Skólastarf	34
Skýrsla deildarstjóra námsvers og verkefna	35
Starfsfólk og kennsla í námsveri	35
Stuðningur og sérkennsla	36
Sálfræðipjónusta	39
Þróunarverkefni	40
Undirbúningur/áherslur fyrir næsta vetur	40
Skýrsla fagstjóra í ensku	41
Skýrsla fagstjóra í íslensku	42

Skýrsla í myndlistargreinum	43
Skýrsla fagstjóra í náttúrufræði	45
Skýrsla kennara í samfélagsfræði	47
Skýrsla smíðakennara	48
Skýrsla fagstjóra í stærðfræði	49
Skýrsla kennara í textílmennnt, prjóni og fatahönnun.....	51
Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni í Garðaskóla	51
Skýrsla bókasafns Garðaskóla	52
Skýrsla Garðalundar	54
Skýrsla náms- og starfsráðgjafa	57
Einstaklingsmiðuð ráðgjöf	57
Hópráðgjöf og fræðsla.	58
Ýmis verkefni	58
Endurmenntun og viðhald fagþekkingar	60
Lokaorð	60

INNGANGUR

Ársskýrsla er hluti af skólanámskrá Garðaskóla. Í ársskýrslunnar fjallað um það sem hæst ber í starfsemi skólans 2015-2016. Ársskýrslunni er í senn ætlað að vera verkfæri innra mati skólans og mikilvæg heimild um skólastarf og inntak þess.

Við samantekt ársskýrslu var áfram lögð á að stytta texta og endurtaka ekki lýsingar sem fram koma í [starfsáætlun](#), [kennsluáætlunum](#) eða öðrum hlutum [skólanámskrár](#). Lesendum er vísað með rafrænum tenglum á [heimasíðu skólans](#) til að afla frekari upplýsinga og því hefur prentuð útgáfa ársskýrslu takmarkað gildi miðað við rafrænu útgáfuna.

Á heimasíðu Garðaskóla má ávallt nálgast ýmsar upplýsingar um daglegt starf, almenna starfshætti og stefnu skólans. Þá birtast mikilvægar upplýsingar um félagsstarf nemenda á [heimasíðu félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar](#) sem m.a. sér um félagslíf nemenda Garðaskóla í nánú samstarfi við starfsfólk Garðaskóla.

Í þessari ársskýrslu birtast skýrslur um öflugt og skapandi starf sem starfsfólk, nemendur og foreldrar eru stoltir af. Öllum þeim sem lögðu til efni í skýrsluna er þakkað kærlega fyrir framlagið.

Stjórnendur og starfsfólk Garðaskóla þakka öllum aðilum gott og gefandi samstarf á skólaárinu 2015-2016 og að venju hlökkum við til komandi verkefna.

Garðabær, október 2016
Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri



Nemendur og forráðamenn ræða við kennara á valgreinakynningu í febrúar 2016

GARÐASKÓLI

Garðaskóli er sérhæfður skóli fyrir unglingastig sem á mjög gott samstarf við grenndarsamfélag sitt. Félagsmiðstöðin Garðalundur deilir húsnæði með skólanum og daglegt flæði er milli skóla og félagsmiðstöðvar. Þessi flétta nýtist nemendum vel í leik og starfi. Á grundvelli þess að Garðaskóli þjónar aðeins þremur árgöngum, lokastigi grunnskólans, hefur starfið mótast af sérhæfingu og markvissum vinnubrögðum sem henta námi og kennslu þessa aldurshóps. Til skólans ráðast eingöngu kennarar og starfsmenn sem vilja og geta unnið með nemendum á hinu viðkvæma skeiði 13-16 ára aldurstigsins. Ekki er síður mikilvægt að til kennara skólans eru gerðar ríkar kröfur um þekkingu og færni til að geta kennt það námsefni sem ætlað er unglingum sem eru að ljúka grunnskólanámi. Skólinn á rötgróið samstarf við FG og nemendum býðst að taka nám á öðru þrepi framhaldsskólans á meðan þeir stunda nám í Garðaskóla. Hópa- og ferðakerfi Garðaskóla býður nemendum fjölbreyttar námsleiðir sem hver einstaklingur getur sniðið að áhuga sínum og námslegum þörfum.

SKÓLADAGATAL 2015-2016

Skóladagatal í leik- og grunnskólum Garðabæjar er samræmt til að mæta þörfum fjölskyldna og skapa möguleika á samstarfi þvert á skóla. Meginrammi skóladagatalsins er samþykktur af skólanefnd að vori en minniháttar tilfærslur á viðburðum geta orðið eftir því sem líður á skólaárið.

Eftirfarandi er skóladagatal Garðaskóla eins og það leit út vorið 2016.

22.2.2016

Skóladagatal 2015 - 2016

Garðaskóli

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1. L	1. D	1. F	1. S	1. S	1. D	1. F	1. N	1. D	1. F	1. S	1. N
2. S	Vík+32	2. F	2. N	2. N	2. N	2. L	2. D	2. N	2. L	2. M	2. F
3. M	Fyrirgönguferðir ferðir 9 og 10. bekk	3. L	3. D	3. D	3. F	3. S	3. N	3. F	3. S	3. D	3. F
4. D	4. F	4. S	4. N	4. N	4. F	4. S	4. N	4. F	4. S	4. M	4. L
5. M	5. L	5. D	5. F	5. F	5. L	5. D	5. F	5. L	5. D	5. M	5. S
6. F	6. S	6. D	6. F	6. F	6. L	6. N	6. S	6. S	6. N	6. F	6. N
7. L	7. N	7. N	7. L	7. L	7. N	7. F	7. S	7. S	7. F	7. L	7. D
8. D	8. D	8. F	8. S	8. S	8. D	8. F	8. N	8. D	8. F	8. S	8. N
9. S	Vík+33	9. F	9. N	9. N	9. F	9. L	9. D	9. N	9. L	9. M	9. F
10. M	10. L	10. F	10. N	10. N	10. F	10. S	10. N	10. F	10. S	10. D	10. F
11. D	11. F	11. S	11. D	11. D	11. F	11. N	11. F	11. L	11. M	11. M	11. F
12. M	12. L	12. N	12. N	12. F	12. L	12. D	12. N	12. L	12. D	12. S	12. S
13. F	13. S	13. D	13. F	13. F	13. S	13. N	13. S	13. S	13. N	13. F	13. N
14. L	14. N	14. N	14. L	14. L	14. N	14. S	14. S	14. N	14. F	14. L	14. D
15. D	15. D	15. F	15. F	15. F	15. D	15. L	15. L	15. F	15. S	15. S	15. N
16. S	Vík+34	16. F	16. N	16. N	16. F	16. S	16. N	16. L	16. M	16. M	16. F
17. M	17. F	17. L	17. L	17. D	17. F	17. S	17. N	17. S	17. S	17. D	17. F
18. F	18. L	18. N	18. N	18. F	18. L	18. D	18. F	18. L	18. M	18. M	18. L
19. L	19. S	19. D	19. F	19. F	19. S	19. N	19. F	19. L	19. D	19. S	19. S
20. D	20. F	20. N	20. N	20. L	20. F	20. S	20. N	20. S	20. N	20. F	20. N
21. F	21. N	21. N	21. L	21. L	21. F	21. S	21. S	21. N	21. F	21. L	21. D
22. L	22. D	22. F	22. F	22. F	22. S	22. N	22. D	22. L	22. S	22. S	22. N
23. S	Vík+35	23. N	23. F	23. F	23. N	23. S	23. D	23. N	23. L	23. M	23. F
24. M	24. F	24. L	24. L	24. D	24. F	24. S	24. N	24. S	24. S	24. F	24. F
25. D	25. L	25. N	25. N	25. F	25. L	25. D	25. F	25. L	25. M	25. M	25. L
26. F	26. S	26. D	26. D	26. F	26. S	26. N	26. L	26. S	26. N	26. S	26. S
27. L	27. N	27. N	27. L	27. L	27. N	27. F	27. L	27. L	27. M	27. F	27. N
28. D	28. D	28. F	28. F	28. F	28. D	28. S	28. N	28. D	28. S	28. S	28. N
29. M	29. F	29. L	29. L	29. D	29. F	29. S	29. N	29. S	29. L	29. M	29. F
30. F	30. L	30. N	30. N	30. F	30. L	30. D	30. F	30. L	30. M	30. M	30. L
31. L	31. S	31. D	31. F	31. F	31. N	31. S	31. D	31. N	31. L	31. M	31. F


NEMENDUR

Fjöldi nemenda Garðaskóla í ágúst 2015 var 467 en við lok skólaárs hafði nemendum fjölgað um 11 og dreifðust þeir á umsjónarhópa með eftirfarandi hætti:

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Heildarfjöldi í bekk
8. EHR	13	13	26

8. GE	8	12	20
8. GK	9	15	24
8. HPS	14	10	24
8. IW	11	14	25
8. KS	11	13	24
8. SSH	10	12	22
9. EE	10	20	30
9. ES	11	16	27
9. GUE	17	10	27
9. MB	10	15	25
9. SÁ	15	12	27
9. SR	15	11	26
10. HT	12	15	27
10. KG	13	13	26
10. NT	11	16	27
10. RE	10	10	20
10. RS	12	15	27
10. PJ	9	15	24
Alls drengir: 221 Alls stúlkur: 257 Heildarfjöldi nemenda : 478			

Fjöldi nemenda í Garðaskóla hefur aukist hægt og sígandi síðustu fjögur árin. Það er ánægjuleg þróun vegna þess að fjölbreytt námsframboð fyrir nemendur skólans byggir á fjölda nemenda.



Nemendum hefur fjölgað hægt og þétt á undanförunum árum og erfitt hefur verið að áætla fjölgunina við skipulag að vori. Í ágúst 2015 var ljóst að nemendur í 9. og 10. bekk voru orðnir mun fleiri en áætlað hafði verið og meðalstærð hópa komin upp í 26-27 nemendur. Bæjaryfirvöld brugðust fljótt við kalli skólasamfélagsins og gerðu viðauka við fjárhagsáætlun vegna nemendafjölgunarinnar. Fjármagnið var notað til að ráða tvo nýja kennara í hlutastarf og hópum var bætt við í 9. bekk. Elena Einisdóttir töflugerðarmaður og Ásta Huld Henrysdóttir deildarstjóri unnu þrekvirki við að raða í nýja hópa með tilheyrandi samskiptum við nemendur, forráðamenn og samstarfsfólk. Á skólaárinu voru margir hópar stærri en kennarar telja skynsamlegt (yfir 25 nemendur í hóp) en það skipti miklu máli að fá það svigrúm sem raunin varð með viðbótar fjárveitingunni.

Nemendur koma úr öllum hverfum Garðabæjar auk þess sem tæplega 7% nemenda eru búsettir í öðrum sveitarfélögum. Búseta nemenda dreifist á eftirfarandi hátt:


Sveitarfélag	Fjöldi
Reykjavík	8
Kópavogur	13
Garðabær	446
Hafnarfjörður	9
Reykjanesbær	1
Grundarfjörður	1
Alls	478

STARFSUMHVERFI NEMENDA

Á unglingastigi sækja nemendur 37 kennslustundir á viku. Fyrsta kennslustund í Garðaskóla hefst kl. 8.10 og skóladegi lýkur í flestum tilvikum á bilinu 14.20-15.20. Námið er fjölbreytt og mikil áhersla er lögð á að nemendum líði vel í skólanum og þeir njóti sín við nám og störf. Nemendur stjórna ferðum sínum um húsnæði og skólalóð sjálfir og þeir geta fengið lánaða bolta og fleira til útileikja á skrifstofu skólans. Kennslustundir eru brotnar upp með frímínútum og matarhléi.

MATSALA NEMENDA

Haustið 2012 tók Skólamatur ehf. við rekstri á matsölu skólans og þar geta nemendur keypt heitan mat í hádeginu og ýmiss konar smávöru í öðrum hléum. Vaxandi ánægja er með þjónustu matsölnnar, ánægja er með vöruúrvalið, þjónustuna og heita matinn hjá Skólamat. Nemendum í áskrift að heitum mat hefur stöðugt fjölgað undanfarin ár eins og sjá má á eftirfarandi mynd:



NEMENDAFÉLAGIÐ

Í nemendasamfélaginu starfa nokkrir hópar sem gegna ábyrgðarstörfum auk þess sem tveir fulltrúar nemenda sitja í skólaráði Garðaskóla. Félagsmálaval Garðalundar er öflugur hópur sem stendur að félagslífi nemenda við skólann. Nemendaráðgjafar starfa undir handleiðslu námsráðgjafa að ýmsum velferðarmálum nemenda, nánar má lesa um störf þeirra í [ársskýrslu náms- og starfsráðgjafa](#).

NEMENDARÁÐ GARÐASKÓLA








Nemendaráð var skipað nemendum úr öllum árgöngum og starfaði það undir stjórn Ingibjargar Önnu Arnarsdóttur, aðstoðarskólalastjóra. Ráðið er stjórnendum til ráðgjafar og kemur skoðunum og óskum nemenda á framfæri við starfsfólk. Á skólaárinu 2015-2016 vann nemendaráð sérstaklega að því að efla jafnréttisstarf innan skólans og ýta á eftir umhverfisáætluninni.



NÁMSÁRANGUR NEMENDA

Í ársskýrslu hafa fagstjórar haldið utan um meðaleinkunnir hópa í öllum árgöngum. Vegna þess að námsmatskerfi skólans var gjörbylt á skólaárinu er ekki hægt að bera námsmat saman milli ára. Auk þess reyndist afar flókið að draga yfirlitsmyndir um árangur nemenda út úr Námfúsi og því ákváðu skólalastjórnendur að fagdeildir skyldu ekki gefa neitt yfirlit um árangur nemenda í lok skólaársins 2015-2016. Næsta skólaár verður notað til að þróa nýtt kerfi til að halda utan um framvindu mála milli ára.

Á eftirfarandi myndum er yfirlit um dreifingu lokaeinkunnna í hverri námsgrein. Allar prósentutölur miðast við 148 nemendur í árganginum.









Í nokkrum greinum var ýmist gefin lokaeinkunn eða lokið/ólokið eftir því hvernig námsmati hafði verið stillt upp fyrir hópinn.



Þessi mynd gerir ekki fullnægjandi grein fyrir árangri nemenda í verkgreinum. Nemendur hafa á þessum árum í Garðaskóla stundað nám í heimilisfræði, textíl, smíði og fleiri valgreinum sem falla undir flokk verkgreina skv. Aðalnámskrá. En útskriftarskírteini Menntamálastofnunar gerir ekki ráð fyrir sundurliðun á þessum námsgreinum. Sama vandamál gildir um næstu mynd sem sýnir samantekt á lokaeinkunnum í listgreinum.



Að lokum er yfirlit um lokaekunnir í upplýsinga- og tæknimennt þar sem aðeins var gefið lokið/ólokið.



SAMRÆMD PRÓF

Ásta Huld Henrysdóttir, deildarstjóri 9. og 10. bekkjar tók saman skýrslu um niðurstöðu samræmdra prófa haustið 2015 og kynnti á fundi skólanefndar vorið 2016. Skýrsluna má lesa á [vef skólans](#). Niðurstöður eru sambærilegar við undanfarin ár og skólinn er stoltur af góðum námsárangri nemenda.

Normaldreifðar einkunnir í öllum námsgreinum, samanburður við landið.

	Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 0-60			
	Garðaskóli	Landið	Hlutfall milli GS og landið *	Pátttaka
10. bekkur Íslenska	33,1	30	+ 10,3%	94,1%
10. bekkur Enska	33,3	30	+ 11,0%	95,4%
10. bekkur Stærðfræði	34,9	30	+ 16,3%	90,9%

* segir til um hvað normaldreifð einkunn Garðaskóla er mörgum % hærri/lægri en landsmeðaltals.

Fyrirkomulagi samræmdra prófa verður breytt skólaárið 2016-2017. Prófin verða öll færð á rafrænt form. Þá verða prófin færð frá september til mars auk þess sem þau verða haldin í 9. bekk í stað 10. bekkjar. Í mars 2017 munu þó bæði 9. og 10. bekkur þreyta prófið. [Menntamálastofnun](#) sem stendur að prófunum gerir þessar breytingar til að gera prófaðstæður sveigjanlegri og gefa grunnskólum betra svigrúm til að vinna með niðurstöður prófanna með leiðsögn á námstíma nemendanna.

STARFSMENN GARÐASKÓLA

Við skólann störfuðu alls 58 starfsmenn: kennarar, stjórnendur, stuðningsfulltrúar, skólaliðar, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni, bókasafnsfræðingur og námsráðgjafar. Innan skólans unnu einnig starfsmenn annarra stofnana og samstarfsaðila svo sem starfsmenn Félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar, hjúkrunarfræðingur, umsjónarmaður fasteignar, skólasálfræðingur kennarar tónlistarskólans og þjálfari frá knattspyrnudeild Stjörunnar. Rúmur þriðjungur starfsmanna eru karlmenn og hefur það kynjahlutfall haldist svipað um nokkurt skeið. Starfandi kennarar sinntu forfallakennslu eins og verið hefur undanfarin ár. Nánari upplýsingar um starfsmenn skólans er að finna á [vefsíðu skólans](#).

STJÓRNENDUR OG NEMENDAVERND

Skólastjóri: Brynhildur Sigurðardóttir

Aðstoðarskólastjóri: Ingibjörg Anna Arnarsdóttir

Deildarstjóri 8. bekkjar: Helga María Ólafsdóttir

Deildarstjóri 9. og 10. bekkjar: Ásta Huld Henrysdóttir

Deildarstjóri námsvers: Guðný Þóra Friðriksdóttir

Kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni: Hildur Rudolfsdóttir

Náms- og starfsráðgjafar: Ásta Gunnarsdóttir, Auður Sigurðardóttir

Skólasálfræðingur: Brynjólfur G. Brynjólfsson

Skólahjúkrunarfræðingur: Sigrún Jensdóttir, fór í fæðingarorlof snemma skólaárs. Ása Sjöfn Lórens dóttir tók þá við stöðunni.

FAGSTJÓRAR

Fagstjórum fækkaði úr tíu í fjóra á skólaárinu vegna breytinga á kjarasamningum kennara. Fagstjórn hefur verið launuð úr skólastjórappottinum sem ekki er til lengur. Bæjaryfirvöld í Garðabæ hafa ekki svarað kalli starfsfólks Garðaskóla um viðbrögð við þessari breytingu að öðru leyti en því benda á að skólastjórum er frjálst að gera breytingar og ráðstafanir í starfsmannahaldi innan ramma fjárhagsáætlunar. Stjórnendur og kennarar Garðaskóla telja óboðlegt að skera út fagstjórn og hreinlega ómögulegt í stærstu fagdeildum skólans þar sem utanumhald um kennsluáætlanir eru umfangsmikið, samstarf við framhaldsskólastigið verulegt og nauðsynlegt að halda vel saman fagkennarahópnum.

Fagstjórar skólárið 2015-2016 voru:

Enska: Halla Thorlacius

Íslenska: Gísli Rúnar Konráðsson

Náttúrufræði: Nanna Traustadóttir

Stærðfræði: Elena Einisdóttir

Vonir starfsmanna Garðaskóla standa til að svigrúm á borð við skólastjórappottinn verði aftur byggt inn í fjárhagsáætlanir skólanna þar sem reynslan af fagstjóraleyfinu er slæm. Áætlana- og skýrslugerð tók mun meiri tíma og í sumum tilfellum gekk erfiðlega að festa niður verkaskiptingu þannig að innkaup á námsefni, frágangur kennsluáætlana, einstaklingsmiðun og fleiri verkefni fagdeilda væru í skýrum farvegi. Mun meiri tími fór í eftirfylgni skólastjóra og aðstoðarskólastjóra með vinnu fagdeilda en áður hefur verið. Fagstjórar eru mikilvægir millistjórnendur í skipuriti Garðaskóla. Með brotthvarfi þeirra var stór hópur kennara í þeirri stöðu að þurfa að bæta við sig tíma og verkefnum í fagteyminu en heyra faglega beint undir skólastjóra. Þótt sjá megi möguleika í slíku samskiptaflæði þá reyndist það ekki vel. Umræða í fagteymum gekk misvel og skilaði sér ekki alltaf til skólastjóra. Fundum skólastjóra með fagstjórum snarfækkaði og þar með rofnaði mikilvæg tenging sem yfirstjórn skólans hafði út í kennarahópinn fyrir milligöngu fagstjóranna. Mikill tími skólastjóranda fór þess í stað í að heimsækja fagdeildir en þetta skilaði ekki jafn markvissri stefnumótun og framkvæmdaáætlun innan skólans og áður hafði verið.

BREYTINGAR Í STARFSMANNAHÓPNUM

Nokkrir nýir kennarar tóku til starfa haustið 2015: Hilmar Þór Sigurjónsson kenndi samfélagsgreinar, Heiða Lind Sigurðardóttir vann í hlutastarfi sem myndmenntakennari, Rúna Björk Þorsteinsdóttir kenndi íslensku og Jónína Björk Hlöðversdóttir (Nína) kenndi stuttmyndagerð. Jóhann Örn Héðinsson kenndi smíði af og til í forföllum og sömuleiðis kenndi Rúnar Páll Sigmundsson forföll í íþróttum.

Um miðja haustönn bættust tveir kennarar í hópinn vegna fjölgunar nemendahópa. Aldís Aðalbjarnardóttir kenndi stærðfræði og Ragnhildur Thorlacius tók að sér kennslu í ensku, íslensku og dönsku.

Þórdís Pálsdóttir skólaliði lauk störfum í nóvember 2015 og í hennar stað kom til starfa Dagrún Linda Barkardóttir sem starfaði sem skólaliði til apríl 2016. Síðustu vikur skólaársins var Rúnar Ívars skólaliði í 100% starfi.

Guðmundur Einarsson, lífsleikni kennari til margra ára, lauk störfum í febrúar 2016. Er honum þakkað ákaflega skemmtilegt samstarf.

Sigurros Gunnarsdóttir deildarstjóri var í námsleyfi á árinu og í hennar stað starfaði Ásta Huld Henrysdóttir sem deildarstjóri 9. og 10. bekkjar. Kristín Sigurleifsdóttir íslenskukennari var sömuleiðis í námsleyfi. Kristjana Fjóra Sigursteinsdóttir samfélagsfræðikennari var í launalausú leyfi.

Auður Edda Geirsdóttir sérkennari var í fæðingarorlofi þar til á vordögum. Brynhildur Þórðardóttir, aðstoðarforstöðumaður Garðalundar, fór í fæðingarorlof um mitt haust. Í hennar stað koma Ásta Júlía Elíasdóttir.

Þórhallur Siggeirsson knattspyrnuþjálfari hjá Stjörnunni kenndi þrjár knattspyrnutengdar valgreinar í skólanum en rekstur þeirra er samstarfsverkefni Garðaskóla og ungmennafélagsins Stjörnnunar. Samstarfið gafst vel og verður fest í sessi næsta skólaár.

Tónlistarskólinn rak nokkra starfsemi í húsnaði Garðaskóla og tveir kennarar skólans, Arnar Gíslason og Börkur Hrafn Birgisson kenndu valgreinina ritmísk hringekja.

Um leið og starfsmenn fagna nýjum samstarfsmönnum þá kveðja þeir samstarfsfólk sem hverfur til annarra starfa.

NEFNDIR OG RÁÐ

Áfram var lögð áhersla á að starfsmenn, nemendur og forráðamenn hefðu aðgang að ákvarðanatöku og framkvæmdaáætlun skólans með þátttöku í nefndum og ráðum. Nánari upplýsingar um hverjir sitja í starfandi nefndum má finna á [vefsíðu skólans](#).

STARFSÞRÓUN

Símenntunarnefnd skólans skráir óskir starfsmanna um starfsþróunarverkefni, forgangsraðar þeim og gerir áætlun um framkvæmd námskeiða.

Nefndin uppfærði [starfsþróunaráætlun skólans](#) en á skólaárinu 2015-2016 voru helstu starfsþróunarverkefni tengd læsi, hæfnimiðuðu námi, upplýsingatækni og uppbyggingarstefnunni. Langflestir kennarar tóku þátt í þróunarverkefninu *Læsi til náms* og nánar má lesa um það [kaflanum um Læsi](#).

Skólinn hlaut styrki til nokkurra verkefna úr Þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ og settu þessi verkefni mikinn svip á vinnu starfsmanna á árinu. Nánar má lesa um afrakstur þessara verkefna í fjölmörgum köflum ársskýrslunnar. Lokaskýrslur um verkefnin má finna á [vef skólans](#).

Rétt fyrir lok skólaárs heldu kennarar innanhúss skólaþing þar sem þeir sögðu frá völdum þáttum úr starfi vetrarins og fengu viðbrögð frá félögum sínum. Skólaþingið var afar vel heppnað og kennarar ánægðir með að fá betri innsýn í störf hver annarra.

Símenntunar- og ferðanefndir skólans skipulögðu náms- og kynnisferð starfsmanna til Southend on Sea dagana 13.-15. júní 2016 í samstarfi við Shoeburyness High School sem tók á móti hópnum. Um 40 starfsmenn tóku þátt í ferðinni. Á dagskrá var:

1. Tveggja daga námskeið um uppbyggingarstefnuna, kennari Judy Andersons.
2. Skólaheimsókn í Shoeburyness High School.

Námskeiðið hefði mátt vera betra, mikill tími fór í fyrirlestra um grundvallaratriði sem flestir starfsmenn þekkja. Starfsmenn hefðu viljað hagnýtari vinnu og skýrari tengingu við þá vinnu sem daglega fer fram í Garðaskóla.

Skólaheimsóknin var mun betri hluti ferðarinnar og allir þátttakendur í henni afar ánægðir með að fá innsýn í fjölbreytt og metnaðarfullt starf Shoeburyness High School.

FORELDRAR

Starfsfólk Garðaskóla er í góðu samstarfi við forráðamenn nemenda. Dagleg samskipti fara að miklu leyti fram í tölvupóstum og með skilaboðum í gegnum Námfús en símtöl og fundir eru notaðir því til viðbótar. Að venju voru námskynningar í byrjun september og formleg samtöl nemenda, forráðamanna og umsjónarkennara á dagskrá í október og janúar. Foreldrum var boðið með nemendum til [kynningar á valgreinum](#) snemma að vori og við ýmis fleiri tækifæri er þeim boðið að koma og fylgjast með starfinu, t.d. á Listadögum.

SKÝRSLA STJÓRNAR FORELDRAFÉLAGSINS

Í vetur sátu sex fulltrúar foreldra í stjórn foreldrafélagsins auk eins fulltrúa í skólaráði;

- Ellen Svava Guðlaugsdóttir, ritari (8. og 10. bekk)
- Guðbjörg Þórðardóttir, varaformaður (8. bekkur)
- Hildur Sólveig Pétursdóttir, fulltrúi stjórnar í skólaráði (10. bekk)
- Katrín Helgadóttir, formaður (9. bekk)
- Lovísa Ólafsdóttir, fulltrúi stjórnar í Grunnstöð (8. bekk)
- Paola Cardenas, gjaldkeri (8. bekkur)

Berglind Bragadóttir (8. bekk) sat sem fulltrúi foreldra í skólaráði.

Stjórnin fundaði u.þ.b. einu sinni í mánuði í vetur og þar af einu sinni með bekkjarfulltrúum. Einnig fundaði stjórnin með Brynhildi skólastjóra og Ástu Júlíu í Garðalundi.

Verkefni foreldrafélagsins. Helstu verkefni foreldrafélagsins í vetur voru að halda áfram að styrkja samskipti foreldra við skólann og félagsmiðstöðina og gekk það vel. Félagsgjöld voru innheimt aftur eftir nokkurra ára hlé og tóku foreldrar vel við sér.

Foreldrafélagið tók þátt í að greiða fyrir fræðslu um einelti fyrir nemendur og foreldra á haustönn. Einnig hélt Elín María Björnsdóttir frábæran fyrirlestur um jákvæð samskipti á milli foreldra og barna í boði félagsins. Fyrirlesturinn var vel sóttur og almenn ánægja með hann.

Foreldrafélagið heldur úti Facebook síðu og leitast við að efla hana, m.a. með því að setja þar inn uppeldishugleiðingar og ýmislegt skemmtilegt og áhugavert fyrir foreldra unglinga. Einnig var foreldrafélagið með milligöngu um að finna foreldra til að aðstoða á árshátíð nemenda og gekk það mjög vel, og áhugi foreldra var mikill á því verkefni.

Afmæli skólans. Vor og sumar 2016 verður unnið að nokkrum endurbótum innan skólans á vegum foreldrafélagsins en um er að ræða nokkra veggir sem verða málaðir og fætur á borðum auk þess sem fjárfest hefur verið í nokkrum sófum. Þetta er gert til að mynda nokkur "kósý" svæði innan skólans en þetta hefur verið á óskalista kennara skólans um langt skeið og tilvalin gjöf til skólans að okkar mati þar sem allir nemendur munu njóta góðs af. Við vonum að kennarar, og ekki síst nemendur skólans verði ánægðir með þetta framtak.

Helstu verkefni næsta vetur:

- Fundur með umsjónarkennurum og skólastjóra skólans.
- Fundur með starfsfólki Garðalundar í upphafi skólaársins.
- Skoða áhuga á foreldrarölti.
- Hvað tekur við eftir 10. bekk - námsráðgjöf fyrir foreldra og unglinga í samráði við skólann.
- Fræðsla fyrir foreldra.
- Virkja bekkjarfulltrúana.

Bekkjarfulltrúar. Tveir bekkjarfulltrúar eru í hverjum bekk. Í vetur reyndu allir bekkjarfulltrúar að halda fjölskyldukaffi fyrir áramót eins og lagt var upp með á fundi í september. Eftir áramót var hugmyndin að hver bekkur myndi gera eitthvað frjálst og eru á facebook síðu foreldrafélagsins listi yfir ýmsar skemmtilegar hugmyndir.

- Stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar.
- Er tengiliður foreldra við stjórn foreldrafélagsins.
- Skipuleggja í samvinnu við fulltrúa nemenda og umsjónarkennara eina til tvær bekkjarskemmtanir á vetri.
- Mæta á bekkjarfulltrúarfundi (einn á hvorri önn).

Skólaráð. Skólaráð Garðaskóla starfar samkvæmt 8. grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla og reglugerð nr. 157 um skólaráð við grunnskóla. Verkefni skólaráðs er að taka þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald. Skólaráð er afar mikilvægur lögboðinn vettvangur foreldra til að koma skoðunum sínum á skólastarfi á framfæri við skólastjórnendur grunnskóla. Ítarlegri upplýsingar um skólaráð má finna á heimasíðu Garðaskóla.

Foreldrar eiga tvo fulltrúa í skólaráði. Fulltrúar foreldra í skólaráði árið 2015 - 2016 eru Berglind Bragadóttir, sem einnig situr í Grunnstoð og Hildur Sólveig Pétursdóttir, fulltrúi frá stjórn foreldrafélagsins. Skólaráð fundaði fundað fimm sinnum í vetur og má finna fundargerðir á heimasíðu skólans. Á fundunum var m.a. fjallað um skólanámskrá, skóladagatal, ársskýrslu, viðmiðunarstundaskrá, starfsáætlun skólans. Fjallað var með ítarlegum hætti um breytingar á einkunnagjöf, þ.e. að verið sé að taka upp ný hæfniviðmið og einkunnir í bókstöfum í stað talna. Greidd voru atkvæði í skólaráði um þann viðmiðunarkvarða sem skólinn muni nota. Rætt var um skólareglur og samþykktar lítilsháttar breytingar á þeim. Garðaskóli á 50 ára afmæli og var rætt um breytingar á logo-i skólans og þá viðburði og áherslur sem skólinn myndi hafa í tilefni afmælisins. Gerð var grein fyrir uppbrotsdögum, mætingu nemenda í þá en mikið er um að foreldrar biðji um leyfi fyrir nemendur á þeim dögum. Kynnt var afrakstur af þeim dögum og mikilvægi. Rætt var um aukna þörf fyrir ráðningu sálfræðings ofl.

Grunnstoð Garðabæjar. Grunnstoð Garðabæjar er samráðsvettvangur foreldrafélaga í Garðabæ. Þar eiga sæti fulltrúar tveir fulltrúar frá öllum grunnskólum bæjarins, annar fulltrúinn er í stjórn foreldrafélagsins og hinn er fulltrúi í skólaráði. Fulltrúar Garðaskóla í vetur voru Berglind Bragadóttir fulltrúi í skólaráði og Lovísa Ólafsdóttir úr stjórn foreldrafélagsins. Tilgangur Grunnstoða er að efla rödd foreldra sem hagsmunahóps og sameina krafta þeirra til góðra verka í skólamálum. Samstarfið auðveldar foreldrafulltrúum að vera bæjaryfirvöldum til aðstoðar og ráðuneytis um skóla- og fjölskyldumál. Grunnstoð er í samstarfi við Heimili og skóla - landssamtök foreldra.

Fulltrúar í Grunnstoðum funda að jafnaði 3-4 á önn og má finna fundargerðir á heimasíðu Garðabæjar undir Þjónusta/Skólar og Menntun/Grunnskólar. Verkefni Grunnstoða eru m.a. að skipuleggja fræðslufund fyrir foreldra sem haldinn er árlega á vorönn og funda með bæjarstjóra tvisvar sinnum á vetri og koma þar milliliðalaust á framfæri óskum og athugasemdum foreldra.

Grunnstoð Garðabæjar skipar fulltrúa úr sínum röðum í skólanefnd til tveggja ára í senn sem og varafulltrúa. Fulltrúi foreldra situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt sbr. 4 málsgrein 6. greinar grunnskólalaga nr. 91/2008. Í vetur var fulltrúi foreldra í skólanefnd Berglind Bragadóttir, Garðaskóla.

Lokaorð. Þetta er búið að vera skemmtilegt ár og margar góðar hugmyndir komið fram sem foreldrafélagið mun halda áfram að vinna að. Aðalfundur foreldrafélagsins verður haldin í upphafi næsta skólaárs, skv. breytingum sem samþykktar voru á síðasta aðalfundi í maí 2015 og verður þá kosin ný stjórn.

Ellen, Guðbjörg, Hildur, Katrín, Lovísa og Paola

SKÓLARÁÐ

Skólastjóri ber ábyrgð á að kalla saman skólaráð ár hvert og stýrir starfi þess. Skólaráð starfar skv. reglugerð nr. 1157/2008 og er meginverkefni þess að vera samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð fjallar um og tekur þátt í stefnumörkun skólans og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélag um skólahald.

Í skólaráði sitja tíu fulltrúar: skólastjóri og aðstoðarskólastjóri, tveir fulltrúar kennara, fulltrúi annarra starfsmanna skólans, tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar nemenda og fulltrúi grenndarsamfélagsins. Starfsreglur og fundargerðir skólaráðs eru birtar á [heimasíðu skólans](#).

Skólaárið 2015-2016 hélt skólaráð fimm fundi og var einn þeirra sameiginlegur fundur skólaráðs og nemendaráðs. Meðal mála sem voru rædd voru skóladagatal, námsmat, umferðarfræðsla og tölvu- og netstefna skólans. Skólaeignir voru teknar til endurskoðunar og lítilsháttar breytingar á þeim samþykktar undir vorið. Helstu breytingar voru afnám húfureglu, aukin áhersla á sjálfbærni og ábyrga hegðun í húsnaði skólans. Einnig var skerpt á reglum um notkun snjalltækja í námi.

HÚSNÆÐI SKÓLANS

Áfram var unnið að mikilvægu viðhaldi á húsnaði Garðaskóla. Smálegt viðhald af ýmsu tagi var í góðum farvegi á skólaárinu og fylgir umsýslumaður hússins þeim málum vel eftir. Lekavandamál hafa stórlega minnkað eftir að endurnýjun á öllu þaki aðalbyggingar var lokið. Sett hefur verið af stað áætlun um að skipta út gluggum á efri hæð aðalbyggingar og var um fjórðungi glugganna skipt úr sumarið 2016.

Á vordögum sóttust bæjaryfirvöld eftir því að fá lausar kennslustofur á lóð Garðaskóla til afnota fyrir tómstundaheimili Flataskóla þar sem nemendum hefur fjölgað gífurlega undanfarin misseri. Vegna nemendafjölgunar í Garðaskóla var ljóst að skólinn gæti ekki misst kennslurými, almennar kennslustofur í skólanum geta ekki verið færri en fjöldi umsýslunarfélaga. Bærinn kom til móts við þessa þörf með því að flýta aðgerðaráætlun skólans um uppbyggingu á upplýsingaveri á efri hæð aðalbyggingar - en byrja þá uppbyggingu á öfugum enda. Bókasafn skólans var því tekið niður sumarið 2016 og því breytt í nýja kennslustofu, nýja aðstöðu hjúkrunarfræðings, og nýja aðstöðu

námsráðgjafa. Bókasafn skólans er hins vegar til bráðabirgða í kennslustofu og setustofa verður á göngum skólans næsta skólaár.

Í námsversálmum skólans voru líka gerðar miklar breytingar sumarið 2016. Tveimur kennslustofum sem nýttar hafa verið fyrir minni hópa var breytt í almennar kennslustofur og önnur vinnurými voru endur innréttuð: málað, ný kerfisloft sett upp, lýsing og raflagnir endurnýjaðar.

Daglegt viðhald er unnið vel og skipulega af umsjónarmanni hússins í samstarfi við eignasvið Garðabæjar. Samstarf skólans við eignasviðið er gott og gerð hafa verið drög að viðhaldi á næstu árum. Óskir skólans um endurnýjun á húsnæðinu eru vel skilgreindar og hafa verið lagðar fram við gerð fjárhagsáætlunar á hverju ári. Þó er ljóst að hægar gengur að koma nauðsynlegu viðhaldi og endurnýjun í verk en starfsfólk skólans helst vill sjá.

Áfram þarf að vinna að endurnýja glugga í aðalbyggingu en þeir eru margir hverjir hriplekir. Vinna þarf að lagfæringum á loftræstikerfi skólans skv. skýrslu sem gerð var haustið 2013. Endurnýja þarf allar kennslustofur í aðalbyggingu á sama hátt og gert hefur verið á afmörkuðum svæðum í húsinu. Algjörlega er nauðsynlegt að upplýsingaver skólans verði byggt upp sumarið 2017 því bókasafnið getur ekki verið á vergangi lengur en nauðsynlegt er. Mikilvægt er að hefja endurnýjun í list- og verkgreinaálmum skólans og bæta þar tækjakost sem er úr sér genginn að miklu leyti. Þessi framkvæmd er forsenda fyrir uppbyggingu á frekara verknámi við skólann. Stjórnendur skólans halda áfram að þrýsta á þessar úrbætur.



Stjórn foreldrafélags Garðaskóla vinnur að gjöf til skólans í tilefni 50 ára afmælis hans í nóvember 2016. Katrín Helgadóttir, formaður foreldrafélagsins var tíður gestur í húsinu sumarið 2016, málaði vegg og súlur, færði til sófa og önnur húsgögn og bar inn blóm til skreytingar. Félagið hefur fest kaup á húsgögnum sem berast haustið 2016 og ætluð eru til að bæta aðstöðu nemenda á göngum. Starfsfólk skólans er afar þakklátt fyrir þetta frumkvæði og framtak foreldrafélagsins sem á eftir að stórbæta ásýnd alrýmanna í húsinu.

SKÝRSLA SKÓLASTJÓRA - NIÐURSTÖÐUR INNRA MATS

Skólanámskrá er ennþá í endurskoðun en mikilvægir hlutar hennar eru nú þegar uppfærðir á vef skólans. Almenn lýsing á sérkennum og áherslum í starfi skólans eru á síðunni <http://gardaskoli.is/skolinn/>. Nánari útfærslu verkefna á skólaársinu 2015-2016 má lesa í þessari ársskýrslu og víðar á vef skólans.

Fréttir af daglegu starfi skólans eru birtar á [vef Garðaskóla](#). Tvö [fréttabréf](#) voru gefin út á árinu 2015-2016 og fjallaði annað þeirra alfarið um námsmat og yfirstandandi breytingar á því.

Á undanförunum árum hefur skólastjóri unnið að því að bæta verkferla í stjórnun skólans. Með styrk úr þróunarsjóði Grunnskóla í Garðabæ var Dr. Dave Anderson, breskur ráðgjafi í skólamálum, fenginn til samstarfs á skólaárinu 2015-2016. Lykilhópi starfsmanna var boðin þátttaka í verkefninu með Dave: stjórnendum, umsjónarmanni fasteignar, ritara, kennsluráðgjafa og námsráðgjöfum. Hópurinn hitti Dave á tveggja daga námskeiðum í ágúst og febrúar, verkefni voru unnin milli námskeiða og lokauppgjör var haldið þegar hópurinn hitti Dave í Southend on Sea í júní 2016. Vinnan með Dave

Þjappaði hópnum saman, tími gafst til að skoða þá veikleika og styrkleika sem starfsmenn bentu sjálfir á og vinna áætlanir um úrbætur. Dave fór yfir kenningu Steven Covey um sjö venjur leiðtoga og setti venjurnar í samhengi við daglegt starf í skólum með praktískum verkefnum sem hópurinn lagaði að þeim viðfangsefnum sem efst voru á baugi. Dæmi um vinnubrögð sem rætt var um og þjálfuð eru:

- svót greiningar
- skýr markmiðssetning
- daglegu skipulagi raðað fjóra flokka eftir tveimur viðmiðum: mikilvægi og hversu áriðandi
- win/win hugarfar og vinnubrögð
- virk hlustun
- skýrar aðgerðaráætlanir



Skipulagstafla
skólastjóra

Verkefnið hefur haft mikil áhrif á vinnubrögð lykilhópsins. Áherslur starfsins eru skarpari, fundir eru skilvirkari, verkaskipting er skýrari og skipulag næsta skólaárs tilbúið mun fyrr en áður. Það er mat skólastjóra að þau verkfæri sem hópurinn lærði að nýta á námskeiðunum með Dave muni gagnast skólanum til áframhaldandi framfara á næstu misserum.

Í anda þess sem námskeið Dave Anderson fjallaði um hafa stjórnendur Garðaskóla reynt að fækka atriðum sem sett eru niður sem áhersluatriði næsta skólaárs. Samt sem áður eru verkefnið mörg og flókin. Hér á eftir verður farið yfir þau atriði sem tilgreind voru sem [áhersluatriði við upphaf skólaársins 2015-2016](#) og gerð grein fyrir framvindu mála.

ÁHERSLUR 2015-2016: NEMENDUR, NÁMIÐ

Stefnt var að því að vinna að eftirfarandi atriðum:

1. Í stundatöflugerð sé hugað að því að vinnudagur nemenda sé ekki of langur og hlé skipulögð til að brjóta upp vinnulotur og tryggja nemendum tíma til að borða.
 2. Í umsjón sé umræðuvettvangur fyrir lífsleikniverkefni á borð við jafnrétti, kynheilbrigði, geðheilbrigði, almenna velferð, umhverfismál, fjármál o.fl.
1. Vel gekk að þrískipta matarhléi nemenda. Við það styttest biðraðir við afgreiðslu matsölnunnar og nemendur hafa meiri frítíma í hléum. Skóladagurinn er í langflestum tilfellum búinn kl. 14.20 eða 15.20 en örfáar valgreinar (smíði og heimilisfræði) eru kenndar til 16.20. Þetta er vegna þess að kenna þarf í tvöföldum kennslustundum og ef slíkar einingar eru settar inn í stundatöflur fyrr á daginn skerðir það verulega tækifæri nemenda til að sækja þær vegna árekstra við aðrar faggreinar.
 2. Umsjónarkennarar unnu lífsleikniverkefni af ýmsu tagi eins og lesa má í [skýrslu deildarstjóra](#). Í kennarahópnum var þó veruleg óánægja með vinnuumhverfi umsjónartímanna. Þar toguðust á ólík verkefni þannig að hætta var á því, að mati kennara, að einhverjum verkefnum væri ekki sinnt eins vel og skyldi. Um mitt vor var gerð [rafræn könnun meðal kennara um umsjónarkennsluna](#). Niðurstöður könnunarinnar sýndu vel að kennarar leggja áherslu á mikilvægt hlutverk umsjónarinnar, en nauðsynlegt væri að breyta skipulagi umsjónartímanna. Á kennarafundi 5. apríl lögðu stjórnendur fram tillögur að breytingum og voru þær samþykktar af kennurum. Áfram verður fylgst með stöðu lífsleiknikennslunnar í skólanum og verkferlar um viðveru nemenda hertir enn frekar.

Nánari upplýsingar um upplifun nemenda af starfi skólans má skoða í samantekt á niðurstöðum Skólapúlsins en sú könnun er lögð fyrir stórt úrtak nemenda í [október](#) og [apríl](#).

ÁHERSLUR 2015-2016: KENNARAR, KENNSLAN

Stefnt var að því að vinna að halda endurskoðun skólanámskrár áfram til að tryggja að kennsluhættir séu í anda aðalnámskrár 2011/2013:

1. Eflum læsi í víðum skilningi - Læsi til náms - Daglegur yndislestur.
 2. Námsmat - Áhersla á skýr hæfniviðmið og leiðsagnarmat. Endurskoðun lokið í 10. bekk og nemendur útskrifaðir skv. kröfum Aðalnámskrár og fylgiskjala frá MMR. SKÍN verkefnið.
 3. Upplýsinga- og tæknimennt - Heildstæð sýn á kennslu, tækjanotkun og netstefnu. Þróunarverkefni á sviði spjaldtölva, forritunarkennslu og speglaðrar kennslu.
1. Deildarstjóri námsvers gerir grein fyrir stöðu mála gagnvart lestrarstefnu skólans á [öðrum stað þessari ársskýrslu](#).
 2. Aðstoðarskólastjóri gerir grein fyrir stöðu mála varðandi námsmatið [öðrum stað þessari ársskýrslu](#).
 3. Kennsluráðgjafi vann náið að framvindu mála með aðstoðarskólastjóra og öðrum starfsmönnum. Einnig var náið samstarf við tölvudeild Garðabæjar og kennsluráðgjafa í öðrum skólum. Í Garðaskóla sýna kennarar mjög mikinn áhuga á að auka notkun á upplýsingatækni í náminu og örnámskeið kennsluráðgjafa hafa verið vel sótt. Menntabúðir í upplýsinga- og tæknimennt sem haldnar voru í ágúst 2016 mæltust einnig mjög vel fyrir. Kennsluráðgjafi skilaði tölvu- og netstefnu skólans á vefinn og vinnur að því með stjórnendum skólans að bæta við tækjakost skólans eins og fjármagn leyfir. Bókasafn skólans heldur að mestu leyti utan um útleigu á tækjum og reynist það fyrirkomulag afar vel. Starfsmenn safnsins halda mjög vel utan um tækin og tækjapöntun er auðveld fyrir kennara í gegnum Námfús. Í [skýrslu kennsluráðgjafa](#) má lesa nánar um þau þróunarverkefni sem hann hefur haldið utan um.

ÁHERSLUR 2015-2016: STARFSMENN, VINNUMHVERFI

Stefnt var að því að vinna að eftirfarandi atriðum:

1. Vinnumat kennara innleitt með áherslu á gagnkvæman sveigjanleika.
 2. Stefna skólans - ábyrgð starfsmanna. Innleiðum gildi skólans með skýrari verkferlum.
 3. Starfsmannasamtöl efld til að tryggja starfsmönnum góða endurgjöf á störf sín. SKÍN verkefnið.
1. Vinnumat kennara var, eins og gert er ráð fyrir, unnið í nánú samtali skólastjóra við kennara. Trúnaðarmenn unnu mjög vel að því að halda sjónarmiðum kennara til haga og samtal aðila var opið og gott á báða bóga. Vorið 2015 bað skólastjóri kennara að skila fyrstu óskum sínum um skilgreiningar á verkefnum í vinnumati. Þegar kennarar höfðu skilað inn þessum fyrstu drögum fór skólastjóri yfir öll skjölin og dró saman meginlínur. Haft var samráð við trúnaðarmenn í þeirri vinnu og síðan lagði skólastjóri fram ramma sem notaður var við vinnslu vinnumatsins með hverjum kennara haustið 2015. Vinnan að vinnumatinu var lærdómsferli fyrir bæði skólastjóra og kennara en tókst að mati þess fyrirnefnda vel og þökkaleg sátt er um frágang mála í skólanum. Skólastjóri er sérstaklega ánægður með að festa í sessi árlegt samtal um nýtingu vinnutíma, álag og áhugasvið kennara - þetta er góð útvíkkun á starfsmannasamtölum. Atriði sem áfram eru til skoðunar eru t.d.
 - a. það vantar svigrúm til fagstjórnar og launalega umbun fyrir slíka verkefnastjórn.
 - b. greinargerð á sundurliðun verkefna í B-þættinum má ekki vera of ítarleg, þá missir hún marks og útilokað verður að halda línu jafnræðis milli kennara.
 - c. bagalegt er hversu skýr greinarmunur er gerður á vinnutíma utan kennslu í A- og B-þættinum, tíminn undir báðum liðum fer í sömu verkefni, það er faglegt samstarf, undirbúning og frágang kennslu.
 - d. mjög erfitt er að beita því stýritæki sem sveigjanleg kennsluskylda er. Ef lækka þarf kennsluskyldu hjá einum kennara birtist það eins og refsins að hækka verði kennsluskylda hjá öðrum kennara á móti.

2. Þróunarverkefni lykilhóps með Dave Anderson skilaði mun skarpari sýn á verkferla innan skólans. Gildi skólans voru kynnt nemendum, foreldrum og starfsmönnum vel í upphafi skólaárs og eftir því sem leið á árið mátti heyra hvernig starfsmenn fóru í auknum mæli að vísa til gildanna sem þess grunns sem starfið hvílir á. Hlustað var eftir röddum starfsfólks og viðbótar kannanir lagðar fyrir þegar tilefni þótti til, t.d. varðandi umsjónarkennslu og framkvæmd listadaga að vor. Það gafst mjög vel að leggja fyrir þessar stuttu rafrænu kannanir, draga strax saman niðurstöður og kynna tilbaka til hópsins - þetta reyndist öflugt tæki í ákvarðanatöku innan skólans.
3. Allir kennarar komu í 2-3 vinnumatssamtöl hjá skólastjóra á skólaárinu. Um þriðjungur kennara kom því til viðbótar í lengra starfsmannasamtal. Bagalegt er að stjórnendur hafi ekki náð að bjóða öllum starfsmönnum í slíkt samtál og verður að ráða bót á því. Kennarar og stjórnendur sem tóku þátt í SKÍN verkefninu þróuðu gátlista sem nýttur verður við innlit í kennslustundir. Samkomulag varð um að sami gátlisti sé nýttur óháð því hvort það er stjórnandi eða samkennari sem kemur í innlit. Tilgangur innlitsins er sá sami í báðum tilvikum: að aðilar læri hver af öðrum og að kennarinn sem er heimsóttur geti fengið endurgjöf á vinnu sína. Nánar má lesa um skín verkefnið á [vef Menntaklifsins](#).

Nánari upplýsingar um upplifun starfsmanna af starfi skólans má skoða í [samantekt á niðurstöðum Skólapólsins](#) en starfsmenn svöruðu könnuninni í mars 2016.

ÁHERSLUR 2015-2016: SKÓLASAMFÉLAGIÐ

Stefnt var að því að vinna að eftirfarandi atriðum:

1. Skólasókn, viðvera og viðhorf nemenda og forráðamanna til skólastarfsins: minna en 5% nemenda með 7 og lægri einkunn í lok annar.
 2. Námfús: leiðbeiningar til foreldra, nýtum hæfniviðmiðin og bætum aðgengi að gögnum.
 3. Andlegt heilbrigði áhersla heilsueflingar.
 4. Endurskoðun á forvarnaráætlun skólans með hliðsjón af Forvarnarstefnu Garðabæjar og verkefninu „Velferð barna og ungmenna í Garðabæ“. Sérstök áhersla á heildstæða kynfræðslu og jafnréttisáætlun.
 5. Efling starfsfræðslu með áherslu á iðn- og tæknigreinar.
 6. Alþjóðlegt samstarf (Erasmus verkefni):
 - Erasmus+ á vegum enskudeildar: Frá hugmynd til afurðar.
 - Ný Erasmus umsókn með Shoeburyness, UK.
 - Erasmus kennaranámskeið.
 7. Kynningarstarf eftir til að styrkja sjálfsmynd skólans og styðja betur starfsmenn.
 8. Úrbætur á skólahúsnæði: tillögur í fjárhagsáætlun 2016 tengjast uppbyggingu á list- og verknámsbraut við skólann.
1. Vel var fylgst með viðveru nemenda og skýringum á fjarvistum og unnu deildarstjóra og námsráðgjafar að lausnaleyti með unglingunum og forráðamönnum þar sem það átti við. Ekki náðist að fækka fjarvistum en hluti vandans tengist vaxandi vanlíðan og kvíða, þróun sem sjá má um allt Ísland og samfélagið hefur miklar áhyggjur af. Skóla- og forvarnarnefnd brugðust við með átaki sem mun birtast í fræðslu til nemenda, forráðamanna og starfsmanna á næsta skólári. Skjóttum viðbrögðum við breytttri stöðu ber að fagna og það er mikilvægt fyrir starfsfólk Garðaskóla að finna slíkan stuðning frá öðrum stofnunum bæjarins. Nánar má lesa um viðverumál í [skýrslu deildarstjóra](#). Stjórnendur skólans ákváðu að breyta verkaskiptingu deildarstjóra frá hausti 2016 þannig að annar þeirra verði deildarstjóri nemendamála og geti þá haft betri heildarsýn á viðveru og önnur hagsmunamál nemenda. Hinn deildarstjórinn verður verkefnastjóri daglegs starfs. Báðir verkþættirnir voru áður á hendi deildarstjóra og skiptust verkefnið þá milli árganga. En ítrekað urðu árekstrar milli verkefnanna með tilheyrandi álagi á viðkomandi deildarstjóra og því verður skoðað hvort mál vinnast betur með nýrri verkaskiptingu. Einnig verður áfram unnið að þróun á

- ástundunaryfirlitum í Námfúsi, en þau hafa ekki verið fullnægjandi til að greina stöðu nemenda eins og þörf er á.
2. Aðstoðarskólastjóri heldur utan um þróun Námfúss með starfsmönnum fyrirtækisins. Mikill tími fór í þetta samstarf enda þurfti að sérsníða kerfi utan um námsmat skólans. Nánar má lesa um þessa vinnu í skýrslu um [námsmatið](#) hér á eftir. Enn er þörf á því að virkja foreldra betur til að nýta Námfús en í forritinu eru fjölmargir möguleikar á gagnvirkum samskiptum sem bæta samskipti skóla og heimila. Skólinn mun á næsta ári skoða hvernig hægt er að nýta fleiri þætti innan kerfisins þannig að skilaboðaðflæðið sé að langmestu leyti þar inni.
 3. Heilsueflingarnefnd stýrði áætlun starfsársins en ekki náðist að vinna á nógu markvissan og sýnilegan hátt með geðheilbrigði eins og áætlun skólans gerði ráð fyrir. Fjármagn fékkst ekki í þá fræðslu sem nefndin hafði sótt um. Áhersla var lögð á að festa ákveðna grunnþætti heilsueflingar í sessi svo sem heilsufarsmælingar starfsmanna, heilsuviku starfsmanna, heilsudaga nemenda að vori og skólahlaupið. Var framkvæmd þessara þátta til fyrirmyndar.
 4. Áætlun skólans á sviði jafnréttis og kynheilbrigðis hefur öðlast öruggan sess og samstillt teymi vinnur að þeirri kennslu í öllum árgöngum og nokkrum faggreinum. Skólastjóri náði ekki að ljúka gerð heildstæðrar forvarnaráætlunar sem birta á í skólanámskrá. Verkefninu „Velferð barna og ungmenna í Garðabæ“ miðaði mjög vel áfram og verða starfsmannanámskeið A og B á dagskrá í öllum grunnskólunum haustið 2016. Nánar má lesa um Velferðarverkefnið á [vef Garðabæjar](#) og [Menntaklifsins](#). Jafnréttisfulltrúi skólans var Kristján Hrafn Guðmundsson. Hann fékk nemendur til samstarfs um skipulag á [jafnréttisþingi](#) sem var gífurlega vel heppnað.
 5. Starfsfræðsla í Garðaskóla var fest í sessi og aðal drifkrafturinn í því var þátttaka í GERT verkefninu sem Auður Sigurðardóttir náms- og starfsráðgjafi stýrir innan skólans. Nánar má lesa um verkefnið í [skýrslu náms- og starfsráðgjafa](#).
 6. Enskudeildin með Höllu Thorlacius í broddi fylkingar fékk list- og verkgreinakennara til samstarfs um þátttöku í Erasmus+ samstarfi um nýsköpunarmennt. Á fyrra starfsári verkefnisins [heimsóttu skólastjórar samstarfsskólanna Garðaskóla og Garðabæ](#), lítill hópur okkar nemendur heimsótti finnska samstarfsskólann í febrúar og erlendir nemendur sóttu vinnustofu í Garðaskóla á vordögum. Verkefnið heldur áfram á næsta skólaári með ferðum okkar nemenda til samstarfslandanna í Evrópu. Garðaskóli sótti um nýtt Erasmus+ verkefni með samstarfsskólum í Bretlandi og Finnlandi en umsóknin hlaut ekki styrk. Skoðað verður hvort sótt verður um að ári en útganga Breta úr Evrópusambandinu gæti sett strik í reikninginn. Enskukennarar sóttu kennaranámskeið á vegum Evrópusambandsins haustið 2015 og teymi úr nemendaverndarráði skólans hlaut styrk til að sækja námskeið um forvarnir gegn brottfalli nemenda vorið 2017.
 7. Kennsluráðgjafi hefur lyft grettistaki í að dreifa fréttum af starfi skólans á [vef skólans](#), [Facebook](#) og í [Fréttabréfinu](#). Starfsmenn fara í vaxandi mæli með erindi um starf skólans á fundi og ráðstefnur. Deildarstjóri námsvers og kennsluráðgjafi sóttu fluttu t.d. erindi um notkun hljóðskráa með prófum á ráðstefnu á Akureyri vorið 2016, fagstjóri í stærðfræði hélt ásamt skólastjóra erindi um ferðakerfið á ráðstefnu skólaþróunar um bráðgera nemendur haustið 2015 og þátttakendur í SKÍN verkefninu kynntu sína vinnu á ráðstefnu skólaþróunar í ágúst 2016. Starfsmenn urðu talsvert varir við það að orðspor Garðaskóla er gott og fer víða. En sérstaða skólans er talsverð og því ber stundum á því að aðilar utan nánasta samfélags mistúlki það starf sem fram fer innan skólans. Skólastjóri hefur ekki verið áberandi í almennri skólamála umræðu en getur bætt úr því með greinaskrifum, t.d. í Garðapóstinn. Við erum stolt af starfinu í Garðaskóla og teljum að margir gætu lært af okkur góða hluti.
 8. Framkvæmdaáætlun um úrbætur á skólahúsnæðinu tók breytta stefnu frá því sem áætlað var. Gerð er grein fyrir því í [kafla um húsnæði skólans](#).

NÝTT NÁMSMAT - BYLTING Í NÁMS- OG KENNSLUHÁTTUM

Skólaárið 2015-2016 var nemendum sem luku grunnskóla gert að fá vitnisburð sinn í bókstöfum í samræmi við ákvæði [Aðalnámskrár grunnskóla](#). Í nýrri Aðalnámskrá er aukin áhersla lögð á hæfni og ný viðmið eru sett fram um námsmat. Hæfniviðmið ná yfir bæði þekkingar- og leiknimarkmið og vísa til viðtækari hæfileika nemenda en þau þekkingarviðmið sem áður hafa verið mest áberandi í námskrám. Nýja námskráin gerir skýra kröfu um að námsmat sé leiðbeinandi fyrir nemandann en ekki bara dæmandi eins og prófseinkunnir vilja stundum vera. Vinna tengd þessum nýju áherslum hefur staðið yfir um nokkurt skeið í Garðaskóla en ljóst var á skólaárinu að aðalvandi sem skólar stóðu fyrir var birtingarmynd námsmatsins.

Unnið var að því með starfsfólki [Námfúss](#) að setja upp rafrænt kerfi sem heldur utan um bókstafseinkunnir og dregur þær saman í lokaeinkunnir. Eftir umræður á kennarafundum var lögð fram tillaga í skólaráði Garðaskóla og tekin ákvörðun um að setja fram millibilsleið, blöndu af gömlum talnaeinkunnum með prósentuhlutum á verkefni annars vegar og hins vegar nýja hæfnimiðaða námsmatinu. Tekin var ákvörðun um að í 8. og 9. bekk yrði blandað kerfi á skólaárinu 2015-2016. Á meðan matsviðmið væru ekki ennþá fullmótuð fyrir allar námsgreinar í öllum árgöngum var sett fram tafla til að þýða milli bókstafa- og talnaeinkunna. Einkunnakvarðann og önnur viðmið skólans má sjá á bls. 24-25 í [Starfsáætlun 2015-2016](#). Boðað var til kynningarfundar með nemendum og foreldrum þann 17. nóvember 2015 þar sem aðstoðarskólastjóri fór yfir ný vinnubrögð í námsmati. Á fundinn kom líka Krístrún Birgisdóttir frá Menntamálastofnun sem sagði frá innritun nemenda í framhaldsskólana og svaraði fyrirspurnum.

Leiðin sem Garðaskóli setti upp í námsmatinu var hugsuð til að brúa bilið milli ólíkra kerfa því skýr leiðsögn frá yfirstjórn menntamála um frágang námsmats var ekki fyrir hendi. Skilaboð frá Menntamálastofnun og -ráðuneyti voru á þá leið að hver og einn skóli ætti að taka ákvarðanir fyrir sig. Stjórnendur Garðaskóla deildu áhyggjum sínum með stjórnendum annara sambærilegra grunnskóla. Þeir tóku saman höndum í [greinaskrifum](#) og fleiri ályktunarsendingum til Menntamálastofnunar og Mennta- og menningarmálaráðuneytis og óskuðu eftir að fá skýrari leiðbeiningar um námsmatsmál. Stjórnendur Garðaskóla sóttu fund í Menntamálaráðuneytinu að hausti og Menntamálastofnun að vori og þar kom skýrt fram að skólinn yrði að prófa sig áfram á meðan verið væri að læra á innleiðingu nýs námsmats.

Í Garðaskóla var strax lögð áhersla á að allar kennsluáætlanir fyrir nám nemenda í 10. bekk uppfylltu öll skilyrði aðalnámskrár 2011/2013 með breytingum 2015 og að nemendur fengju einkunnir fyrir einstök verkefni, jafnt sem lokaeinkunnir í hverri faggrein, í bókstöfum. Lagt var upp með að einkunnir vísuðu til stöðu nemandans gagnvart [matsviðmiðum Aðalnámskrár](#) sem eru nánar útfærð í kennsluáætlunum Garðaskóla og fjölda verkefna sem nemendur ynnu í skólanum. Árangur nemenda í kennslustundum og verkefnavinnu var birtur í verkefnabók í Námfúsi. Skólaeinkunn var samsett úr vægi einkunna sem voru í verkefnabókinni.

Hverri námsgrein var gert að útfæra námshæfniviðmið í samræmi við nýja Aðalanámskrá og meta hvern nemanda eftir nokkrum hæfniflokkum. Sem dæmi má nefna að í [íslensku](#) voru nemendur metnir eftir fjórum hæfniflokkum; talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Einkunnir úr þessum hæfniflokkum voru svo dregnar saman til að mynda eina lokaeinkunn.

Í ljósi þess að hverjum og einum skóla var gert að taka ákvarðanir fyrir sig um útfærslu námsmatsins var gríðarlega mikil vinna sem fór í að vinna með Námfúsi í að búa til kerfi sem hentaði skólanum því þegar lagt var af stað í verkefnið var hvorki Námfús né Mentor með tilbúið kerfi til að halda utan um nýja námsmatið. Ennfremur var umtalsverðum tíma kennara og stjórnenda á skólaárinu varið í fundahöld og vinnu við innleiðinguna á námsmatinu. Undirbúningur Garðaskóla undanfarin ár hefur farið í að innleiða grunnþætti og endurskipuleggja kennslu með hæfniviðmið að markmiði og víst er að sú vinna kom að góðum notum þegar unnið var að innleiðingu nýja námsmatsins.

Kennsluáætlanabreyting í Garðaskóla gekk vel fyrir sig og sjá má jákvæða þróun á kennsluháttum samfara breytingunum sem námskráin gerir kröfur um. Nú er talað um hæfniviðmið nemenda í staðinn fyrir markmið fyrir kennslu kennarans. Þróunarverkefnið **SKÍN** sem hópur kennara tók þátt í ásamt teymi úr Hofstaðaskóla reyndist gífurlega mikilvægt við innleiðingu á hæfnimiðuðu námi en þar unnu kennarar að því að gera hæfniviðmið sýnileg nemendum og þróa leiðsagnarmat. Skýrt kom í ljós að starf á uppbrotsdögum í skólanum hentar vel til að ná þeim markmiðum sem lýst er sem grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá þó þeir séu rauður þráður í gegnum allt skólastarfið.

Óhætt er að segja að mikil framfaraskref hafi verið tekin á skólaárinu er varða innleiðingu á nýju námsmati. Verklagsreglur er varða námsmat hafa verið settar og verða þær enn frekar festar í sessi á næsta skólaári. Námfús hefur útbúið nýtt kerfi sem samræmist kröfum Aðalnámskrár og mun skólinn vinna á því á næsta skólaári. Næsta haust mun skólinn leggja áherslu á að kynna vel fyrir öllum aðilum sem að skólanum koma nýja hugsun í námsmati.

Júní 2016,
Ingibjörg Anna Arnarsdóttir

LÆSI Í GARÐASKÓLA

Guðný Þóra Friðriksdóttir sérkennari og deildarstjóri námsvers og verkefna hefur stýrt vinnu tengdri lestrarstefnu Garðaskóla ásamt Brynhildi Sigurðardóttur skólastjóra og Gísla Rúnari Konráðssyni fagstjóra í íslensku.


Logos lestrargreiningar og skimanir. Deildarstjóri námsvers og verkefna lagði Logos lestrarskimun fyrir alla nemendur í 9. bekk á haustmisseri 2015. Þetta var í fyrsta skipti sem Logos greiningartækið er notað til að skima fyrir lesblindu en áður var notast við Grp14 greinandi ritmálspróf. Þeir nemendur sem sýndu árangur undir viðmiðunarmörkum í Logos lestrarskimuninni fóru í framhaldi af því í frekari greiningu. Lagðar voru fyrir alls 27 Logos lestrargreiningar á skólaárinu, 15 endurgreiningar (nemendur sem voru með gamlar greiningar úr yngri barna skólum) og 12 frumgreiningar en þá hafa nemendur aldrei farið áður í lestrargreiningu. Á biðlista í lok skólaársins 2015-2016 eru 20 nemendur en þeir hafa allir fengið greiningu áður og njóta þeirrar þjónustu sem lesblindir hafa rétt á.

Orðalykill. Í ársbyrjun 2016 tóku allir nemendur fæddir 2002 sem stunda nám í Garðaskóla próf sem nefnist Orðalykill. Sama próf verður lagt fyrir nemendur áður en þeir ljúka grunnskólagöngu sinni með það fyrir augum að meta framfarir. Orðalykill er staðlað orðaforðapróf sem er ætlað að meta orðaforða nemenda á grunnskólaaldri. Af 158 nemendum tóku 156 nemendur prófið. 49 nemendur eða 31,5% nemenda í 8. bekkjum Garðaskóla eru neðan viðmiðunarmarkna í orðaforða. Strákar virðast vera með töluvert slakari orðaforða en stúlkur þ.e. 38% drengja sýna árangur undir viðmiðunarmörkum en 25% stúlkna.

Orðarún. Ekki er til staðlað lesskilningspróf fyrir nemendur á unglingastigi. Orðarún er staðlað lesskilningspróf sem nýtt er á yngri stigum og nær upp í 8. bekk. Ákveðið var að leggja prófin, sem ætluð eru fyrir 8. bekk, fyrir alla nemendur í 8. og 9. bekkjum Garðaskóla í tilraunaskyni. Samkvæmt leiðbeiningum á að leggja fyrir tvo texta í einu og báðum textunum fylgja spurningar. Í samráði við fagstjóra í íslensku var ákveðið að leggja bara einn texta fyrir hvern árgang í þeim tilgangi að meta hvort prófið hentaði. Niðurstöður prófsins eru þess vegna ekki marktækar og en gefa vissulega vísbendingu um stöðu nemenda okkar í lesskilningi. Deildarstjóri námsvers bindur miklar vonir við stöðluð lesskilningspróf sem Menntamálastofnun vinnur að um þessar mundir og er ætlunin taka þau í notkun í Garðaskóla um leið og þau eru tilbúin.


Myndir sýnir niðurstöður úr Orðarún fyrir nemendur fædda 2002 sem eru í 8. bekk:

Nemendur fæddir 2002



Myndin sýnir niðurstöður úr Orðarún fyrir nemendur fædda 2001 sem eru í 9. bekk:

Nemendur fæddir 2001



Læsi til náms. Skólaárið 2015-2016 var annað árið sem þróunarverkefnið *Læsi til náms* var unnið í skólanum í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Verkefninu er ætlað að stuðla að bættu læsi, í víðasta skilningi þess orðs, í öllum námsgreinum. Samstarfsaðili okkar frá HA er Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir og tengiliður og verkefnastjóri skólans er Guðný Þóra Friðriksdóttir deildarstjóri námsvers. Verkefnastjóri og sérfræðingur frá HA skipulögðu og útfærðu verkefnið í góðu samstarfi.

Áhersla seinna ársins var ráðgjöf og stuðningur inn í fagdeildir. Ætlast var til að kennarar byggðu kennsluáætlanir og kennsluhætti á þeim aðferðum sem kynntar voru í *Læsi til náms* skólaárið 2014-2015. Lagt var upp með að allir kennarar ynnu SVÓT greiningu á verkefninu (styrkleikar, veikleikar, ógn og tækifæri) svo hægt væri sjá hvaða ráðgjöf fagteymin vildu og þyrftu til að þróa vinnuna áfram. Greiningin sýndi einnig glögg hvernig fagteymin voru komin langt áleiðis í vinnuferlinu.

Skólasamfélagið hefur vaxandi áhyggjur af slökum lesskilningi hjá nemendum á unglingastigi og deila kennarar Garðaskóla þeim áhyggjum. Nauðsynlegt er að bregðast við með því að reyna að vekja áhuga nemenda á lestri, gefa nemendum tækifæri til að lesa meira (yndislestur) og kenna þeim aðferðir til að ná upplýsingum úr texta. Ákveðið var að leggja áherslu á að fræða kennara um orðanámsaðferðir, gagnvirkann lestur og aðrar lesskilningsaðferðir.

Yfirlit yfir vinnuferlið:

- Námskeið hálfur dagur í ágúst, lesskilningsaðferðir og orðaforði.
- SVÓT greining sem kennarar unnu á starfsdegi í september/greining á þörfum teyma fyrir ráðgjöf og stuðning.
- Námskeið/ráðgjöf, hálfur dagur í október, gagnvirkur lestur.
- Ráðgjöf til teyma, tvö skipti að hausti.
- Ráðgjöf til teyma, eitt skipti að vori.
- Tölvusamskipti, símtöl og samráðsfundir eftir þörfum.

Gert var ráð fyrir að í kennsluáætlunum fyrir vorönn kæmu fram skýrar áherslur hvað varðar gagnvirkkan lestur, orðanáam og ritun. Við yfirllestur kennsluáætlana kom í ljós að mikil vinna er framundan varðandi áherslur í læsi og breytta kennsluhætti. Deildirnar eru mislangt komnar og í sumum áætlum má sjá ákveðna þróun sem miðar að bættu læsi nemenda en í öðrum ekki. Að sögn Ragnheiðar Lilju tekur oft mörg ár að breyta og þróa nýja kennsluhætti sérstaklega í skóla sem býr að ákveðnu skipulagi og reynslumiklum kennurum. Það verður gaman að fylgjast með framhaldinu en búið er að sá fræjum og leggja til verkfæri.

Yndislestur. Yndislestur hélt áfram með sama fyrirkomulagi og á síðasta skólaári. Nemendur og starfsfólk skólans lesa á hverjum degi, 20 mínútur í senn. Tímasetningar færast til á milli vikna með ákveðnum hætti. Nemendur mega velja sér lesefni (bækur, teiknimyndasögur, íslensk tímarit eða erlend, dagblöð, námsbækur). Þeir mega koma með lesefni að heiman eða fá lánaðar bækur á bókasafni skólans. Lesblindir nemendur mega hlusta á hljóðbækur og nota til þess síma, ipod eða mp3 spilara. Lestrinum er ætlað að skapa meiri lestrarstemningu innan skólans, stuðla að auknum lestri og efla áhuga og lestrarfærni nemenda. Yndislesturinn gekk misvel milli námshópa og virðist viðhorf kennarans skipta mestu máli. Það er t.d. mjög mikilvægt að kennarinn lesi á bók en vinni ekki í tölvunni í yndislestrarstundum. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um áframhald á yndislestri. Skiptar skoðanir eru innan kennarahópsins um gagnsemi yndislestrarstunda og sjá margir eftir þeim tíma sem í lesturinn fer. Ákvörðun biður starfsdaga í haust.

Lestrarstefna. Vinnu við lestrarstefnu Garðaskóla er ekki lokið. Unnið er að því að gera úrbætur á þeim atriðum sem læsisteymi Menntamálastofnunar hefur komið á framfæri og verður þeirri vinnu lokið á næsta skólaári.

Júní 2015
Guðný Þóra Friðriksdóttir

ÁFALLARÁÐ

Í áfallaráði sátu að venju skólastjóri, ritari, umsjónarmaður fasteignar, náms- og starfsráðgjafar, forstöðumaður Garðalundar og skólahjúkrunarfræðingur. Auk þess hefur Vigdís Björk Agnarsdóttir þroskaþjálfari verið ráðgjafi um ýmis mál. Vigdís sá áfram um að yfirfara skyndihjálpartöskur skólans í góðu samstarfi við skólahjúkrunarfræðing.

Rýmingaræfing var haldin í september 2015 og gekk mjög vel. Samantekt skólastjóra eftir æfinguna er [birt á vef skólans](#).

Lítilsháttar endurskoðun var gerð á [viðbragðs- og áfallaáætlun skólans](#) en hún er komin í þannig form að hún nýtist starfsmönnum vel sem uppflætti- og leiðbeiningarmappa.

Áfallaráð kom saman bæði á haust- og vorönn til að bregðast við því að nemendur misstu nákominn ættingja á sviplegan hátt. Mikill stuðningur hefur verið af samstarfinu við sóknarprest Víðalínskirkju við slíkar aðstæður.

ÁRSSKÝRSLUR DEILDA

Seinni hluti ársskýrslunnar samanstendur af skýrslum fagstjóra, deildarstjóra, náms- og starfsráðgjafa og forstöðumanna skólasafns og Garðalundar. Þessar skýrslur segja frá daglegu starfi skólans og leggja á það mat.

SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA ÁRGANGA

Deildarstjórar árganga eru tveir við Garðaskóla; Helga María Ólafsdóttir og Ásta Huld Henrysdóttir.

Starf deildarstjóra árganga er margþætt. Þeir vinna með og aðstoða í margvíslegum málum í samvinnu og samráði við deildarstjóra námsvers og skólastjórnendur, kennara, forráðamenn, námsráðgjafa og aðra fagaðila skólans. Deildarstjórar sjá m.a. um röðun nemenda í bekkjardeildir í 8. bekki og hafa umsjón með töflubreytingum. Þeir sitja skilafundi vegna nemenda sem koma í 8. bekk. Þá fundi sitja einnig fyrrverandi umsjónarkennarar, deildarstjórar og sérkennarar nemenda í 7. bekkjum. Í samráði og samvinnu við námsráðgjafa sjá deildarstjórar um móttöku nýrra nemenda í skólann. Hlutverk umsjónarkennara er viðamikil og styðja deildarstjórar við starf þeirra, skipuleggja og sitja reglulega fundi þar sem starfið er undirbúið og samræmt. Deildarstjórar fylgjast með skólasókn og ástundun nemenda og bregðast við með viðeigandi aðgerðaráætlunum þegar þörf er á. Þeir stjórna samráðsfundum með forráðamönnum nemenda þegar ástæða þykir til. Deildarstjórar skipuleggja kynningu á skólastarfinu fyrir forráðamönnum og nemendum sem hafa sótt um skólagöngu í Garðaskóla. Auk kennara- og starfsmannafunda sem deildarstjórar undirbúa með skólastjórnendum, funda þeir reglulega með öðrum stjórnendum skólans og námsráðgjöfum. Þeir sitja einnig samráðsfundi með öðrum sérfræðiaðilum skólans á lögbundnum nemendaverndarráðsfundum. Deildarstjórar árganga vinna náið með deildarstjóra námsvers að skipulagningu og framkvæmd sérúrræða fyrir einstaklinga, smærri og stærri hópa. Í ákveðnum tilvikum eru myndaðir litlir hópar nemenda sem þurfa mikinn og sértækan stuðning. Í samráði við skólastjórnendur sjá deildarstjórar árganga um að undirbúa skólasetningu og skólaslit, skipuleggja þema- og uppbrotsdaga hvort heldur sem er vegna annaruppbrota, forvarnardagskrár, kannana eða annarra tilfallandi viðburða. Deildarstjórar skipuleggja prófadaga og eru prófstjórar á formlegum prófdögum. Deildarstjórar vinna í nánú samstarfi við félagsmiðstöðina Garðalund og má þar nefna skipulag ferðalaga og ýmissa viðburða.

Samstarf við sérfræðiaðila. Deildarstjórar starfa í nánú samstarfi við marga sérfræðiaðila innan og utan skólans. Samstarf við skólahjúkrunarfræðing fer m.a. fram á samráðsfundum nemendaverndarráðs og er mikilvægur þáttur í líðan nemenda. Skólasálfræðingur situr einnig nemendaverndarráðsfundi en hann er fyrst og fremst greiningaraðili nemenda og aðstoðar við að finna úrræði m.a. fyrir þá sem þurfa viðtalsmeðferðir. Deildarstjórar og aðrir starfsmenn viðkomandi nemanda eru honum innan handar í sambandi við upplýsingagjöf um nemendur. Deildarstjórar hafa einnig verið í samstarfi við barnaverndaryfirvöld sem er mikilvægt og hluti af því að styrkja og bæta líðan nemenda. Námsráðgjafar og deildarstjórar vinna náið saman að því sameiginlega markmiði að bæta líðan nemenda og er það samstarf afar mikilvægur þáttur í meðferð og við úrlausn nemendamála. Einnig ber að nefna gott og mikilvægt samstarf við starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar.

Umsjón. Í Garðaskóla er lögð áhersla á gott ut anumhald við nemendur. Umsjónarkennarar hitta nemendur sína í vikulegum umsjónartíma. Lífsleiknikennsla skólans var að miklu leyti sett í umsjónartímana. Námsefni var að miklu leyti sett saman af deildarstjórum, námsráðgjöfum og

umsjónarkennurum. Auk þessa var umsjónartíminn nýttur í yfirferð skólasóknar, mikilvægum skilaboðum var komið á framfæri og farið yfir málefni líðandi stundar. Kannanir voru lagðar fyrir í umsjónartímum auk ýmissa gestaverkefna sem annað hvort fóru inn í hvern bekk eða voru flutt á sal skólans fyrir árganginn í heild. Í umsjónartímum var lögð áhersla á góðan bekkjaranda til að skapa jákvæðan skólabrag. Í kennsluáætlunum á heimasíðu skólans er gerð grein fyrir hæfniviðmiðum og lykilhæfni sem stefnt var að í umsjónartímum. Tímasetning umsjónartímanna var breytt í vetur á þann hátt að allar bekkjardeildir voru með umsjónartíma á sama tíma dagsins og byrjuðu einn daginn á þessum tíma, þ.e. að hitta sinn umsjónarkennara.

Uppbygging. Deildarstjórar koma að málum nemenda á margvíslegan máta, þ.m.t. eru agamál. Í Garðaskóla er stefnan sú að vinna agamál á þann hátt að allir aðilar komi sem sterkastir frá samskiptum, tilbúnir til að ná betri stjórn á eigin hegðun og reiðubúnir að líta í eigin barm. Öllum getur orðið á hvort heldur það eru starfsmenn eða nemendur. Þegar um mistök er að ræða, mistök í hegðun, umgengni eða samskiptum þá þarf að leiðrétta þau á árangursríkan hátt. Uppbyggingarstefnan er sú leið sem Garðaskóli hefur valið og líkað vel. Í samskiptum sínum við nemendur vinna deildarstjórar samkvæmt þeim hugmyndum. Þegar nemandi áttar sig á að honum hafi orðið á mistök gefst honum tækifæri á að vinna á jákvæðan hátt úr sínum málum og snúa sterkari til baka. Nemandinn fær val um leiðir til lausnar, hann getur valið að fara milda og árangursríka leið eða taka skilgreindum afleiðingum gjörða sinna. Ef um alvarleg brot er að ræða þá gilda ákveðin viðurlög eftir edli brota.

SKÓLASÓKN OG ÁSTUNDUN NEMENDA


Ástundun og vinnuferlar. Garðaskóli leggur áherslu á að nemendur stundi nám sitt af festu og sæki skóla sinn vel. Góð skólasókn er lykill að góðum námsárangri. Deildarstjórar og annað starfsfólk leggur höfuðáherslu á þetta við alla nemendur og fylgist daglega með skólasókninni. Undanfarin ár hefur það færst í aukana að beðið er um leyfi fyrir nemendur af ýmsum ástæðum. Mikil ábyrgð fylgir því að taka leyfi á skólatíma. Það gerir miklar kröfur um skipulag á viðkomandi nemanda og eykur álagið í skólanum þegar úr friinu er komið.

Ef upp koma tilvik þar sem skólasókn er ábótavant er gripið til verkferla og nemendur aðstoðaðir við að koma málum sínum í réttan farveg. Umsjónarkennarar halda utan um skólasókn umsjónarnemenda sinna og senda forráðamönnum vikulegt yfirlit skólasóknar og ástundunar í gegnum Námfús. Nemendur sem ítrekað koma of seint eða skráðir eru með ólögðar fjarvistir eru boðaðir í viðtal hjá umsjónarkennara og/eða deildarstjóra ef engar skýringar berast. Ef vanhöld eru á skólasókn eru forráðamenn kallaðir til ábyrgðar.


Allt utanumhald um skólasókn og ástundun er unnið í samræmi við Lög um grunnskóla nr. 91/2008 gr. 3, 15 og 19 og reglugerð um ábyrgð og skyldur allra aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011 gr. 3, 4 og 5. Í þeim tilvikum þar sem aðgerðaráætlanir bera ekki árangur eru mál tilkynnt fræðslu- og barnaverndaryfirvöldum sem grípa inn í og aðstoða hlutaðeigandi eins og þurfa þykir.

Skólasókn og ástundun nemenda í 8. bekk. Meirihluti nemenda eða 90% eru með góða eða frábæra skólasókn (8-10 í einkunn) miðað við allt skólaárið sem er ásættanlegt. Veikindi og leyfi hafa ekki áhrif á skólasóknareinkunn, skólasóknareinkunn sýnir því ekki í öllum tilfellum rétta mynd af viðveru nemenda.

Dreifing skólasóknareinkunna í 8. bekk á skólaárinu 2015-2016 var eins og eftirfarandi mynd sýnir:




Ástæður fjarveru nemenda í kennslustundum koma til m.a. vegna veikinda, leyfa eða óútskýrðra fjarvista. Mikil fjarvera hefur truflandi áhrif á framvindu námsins. Fjarvera nemenda var eins og eftirfarandi mynd sýnir:




Það vekur athygli að veikindadögum fjölgar um 47% á vorönn. Aukning er einnig í leyfisbeiðnum eða um 65%. Þessa aukningu má hugsanlega að einhverju leyti skrifa á leyfisdagana í kringum fermingar svo og vegna skíðaferða eða annarra ferða með foreldrum. Aukist hefur að fjölskyldur framlengi vetrar- og páskaeyfi vegna ferðalaga. Ólögðmætum/óútskýrðum fjarvistum hefur fjölgað um 116% frá haustönninni sem er miður. Það er nauðsynlegt að taka sérstaklega á skólasókn á næsta skólaári. Það verður þó að segjast að slaka skólasókn má skrifa á örfáa nemendur sem hefur mikil áhrif á heildarmyndina. Það skal tekið fram að meirihluti nemenda stendur sig ágætlega og stundar nám sitt af metnaði.

Skólasókn og ástundun nemenda í 9. bekk. Um 86 % nemenda Garðaskóla eru með góða eða frábæra skólasókn miðað við allt skólaárið. Veikindi og leyfi hafa ekki áhrif á skólasóknareinkunn þannig að einkunnin fyrir skólasókn sýnir ekki í öllum tilfellum rétta mynd af viðveru nemenda.

Dreifing skólasóknareinkunnna í 9. bekk á skólaárinu 2015-2016 var eins og eftirfarandi mynd sýnir:




Fjarvera nemenda var eins og eftirfarandi mynd sýnir:




Veikindadögum frá haustönn fram á vorönn fjölga um 53% sem er gífurleg aukning. Aukningin þó enn meiri í leyfisbeiðnum eða 91%. Það má eins og í 8. bekknum að einhverju leyti skrifa á leyfi vegna skíðaferða eða ferða með foreldrum. Það hefur færst í vöxt að forráðamenn biðji um leyfi vegna ferðalaga og það skýrir eitthvað. Fjöldi óútskýrðra/ólögmætra fjarvista fjölga einnig á vorönn en mikils um vert er að fækka þeim. Þess verður að geta að lítill hópur nemenda er með slæga skólasókn sem hefur áhrif á heildarmyndina. Mikilvægt er að halda vel utan um skólasókn árgangsins og grípa strax inn í að hausti.

Skólasókn og ástundun nemenda í 10. bekk. Meirihluti nemenda eða 78% eru með góða eða frábæra skólasókn miðað við skólaárið. Veikindi og leyfi hafa ekki áhrif á skólasóknareinkunn. Skólasóknareinkunnin sýnir því ekki í öllum tilvikum rétta mynd af viðveru nemenda. Dreifing skólasóknareinkunnna í 10. bekk á skólaárinu 2015-2016 var eins og eftirfarandi mynd sýnir:



Fjarvera nemenda var eins og eftirfarandi mynd sýnir:



Veikindadögumum frá haustönn fram á vorönn fjölga um 42%. Fjölgun leyfisdaga er aftur á móti gríðarleg eða 93,5%. Það má að einhverju leyti eins og í hinum árgöngunum tveimur skrifa þessar leyfisbeiðnir á skíðaferðina á vegum Garðalundar og/eða ferða með forráðamönnum. Það telur þó drjúgt í tölum um fjarveru nemenda að færst hefur í aukana að nemendur geti ekki sótt skólann vegna veikinda af ýmsum toga, í öllum tilvikum langvarandi veikindi. Þegar nemendur eru orðnir nokkrir í þessari aðstöðu telur það fljótt í heildartölunni. Ólögðmætum/óútskýrðum fjarvistum fjölga þó ekki nema um 38% og það er ánægjulegt. Góð skólasókn skiptir máli upp á inngöngu í framhaldsskóla og tryggja örugga stöðu á vinnumarkaði í framtíðinni.

VIÐBURÐADAGATAL SKÓLAÁRSINS

Hér má sjá viðburðadagatal skólaársins 2015 - 2016. Helstu viðburðir og annað er tengist skólastarfinu er skráð í eftirfarandi töflu. Listinn er alls ekki tæmandi en gefur ákveðna mynd af starfsemi skólans.

Haustönn 2015

Vika 1	24. - 28. ágúst	- Skólasetning og kennsla 25. ágúst. - Kynningarfundur fyrir forráðamenn 8. árg. 24. ágúst.
Vika 2	31.ág. - 4. september	Foreldrafundur 3. sept.
Vika 3	7. - 11. september	- Orðarún- lestrarskimun í öllum árgöngum sett af stað. - Fermingarferð drengir 10. sept
Vika 4	14. - 18. september	Rýmingaræfing 17. september
Vika 5	21. - 25. september	- Samræmd próf 21. - 23. sept. - Landnámssetrið 8. árg - Rauði krossinn fræðsla 21. sept. 9. árg.
Vika 6	28. sept. - 2. október.	
Vika 7	5. - 9. október	Skólaþing - Alþingisheimsókn 10. árg.
Vika 8	12. - 16. október	- Foreldra- og nemendaviðtöl 14. okt - Marita 15. okt. 10. árg.
Vika 9	19. - 23. október	Blátt áfram 19.-20. október 8. árg.
Vika 10	26. - 30. október	- Skipulagsdagur 28. okt. - Fermingarferð stúlkur 29. okt
Vika 11	2. - 6. nóvember	Gagn og gaman 4. - 6. nóv.
Vika 12	9. - 13. nóvember	- Baráttudagur gegn einelti 9. nóv. Allir árgangar. - Afmæli skólans 11. nóv. Hátíðardagskrá. - Aðgengi að lífinu 12. nóv. - 10. árg.
Vika 13	16. - 20. nóvember	Dagur íslenskrar tungu 16. nóv.
Vika 14	23. - 27. nóvember	
Vika 15	30. nóv. - 4. desember	- Jólaskreytingardagur 3. des. - Skáld í skólum - upplestur á bókasafni 4. des
Vika 16.	7. - 11. desember	Hátíðarkvöldverður 10. des. 10. árg.
Vika 17.	14. - 18. desember	- Starfamessa 15. des. 10. árg. - Jólamatur í hádegi 16. des. Allir árg. - Jóladansleikur 17. des. - Jóladagskrá 18. des.

Vorönn 2016

Vika 1	4. - 8. janúar	Skipulagsdagur 2. jan.
Vika 2	11. - 15. janúar	- Foreldra- og nemendaviðtöl 13. jan. - Eineltisfræðsla 8.bekk stúlkur
Vika 3	18. - 22. janúar	Eineltisfræðsla 8.bekk drengir
Vika 4	25. - 29. janúar	
Vika 5	1.- 5. febrúar	Ungt fólk-Rannsókn og greining allir árg.
Vika 6	8. - 12. febrúar	- Sameiginlegir fagfundir í Garðabæ, 2. feb. - Kynning á ferðakerfi 8. og 9. árg. - Tónlistarskóli Gb., tónleikar 12. feb. Allir árg.
Vika 7	15. - 19. febrúar	Vetrarfrí
Vika 8	22. - 26. febrúar	Valgreinakynningar fyrir for. og nem. 24. febr.
Vika 9	29. febrúar - 4. mars	- Marita fræðsla 3. mars. 9.b.. - Tannfræðsla 26. - 27. feb. 8. árg.
Vika 10	7. - 11. mars	- Skíðaferð Akureyri 10. - 13. mars. 9. - 10. árg. - Skíðaferð í Bláfjöll 9. -11. mars. 8. Árg - Þemadagar 10. -11. mars allir árg.
Vika 11	14. - 18. mars	Kynningarfundir forráðamanna. 7. árg. 14. - 15. mars

Vika 12	21. - 25. mars	● . Páskaleyfi
Vika 13	28. mars- 1. apríl	
Vika 14	4. - 8. apríl	
Vika 15	11. - 15. apríl	● Heimsóknir nemenda úr 7. árg.
Vika 16	18. - 22. apríl	● Heimsóknir nemenda úr 7. árg.
Vika 17	25. - 29. apríl	● Listadagar 25. -27. Apríl ● Skólaping- jafnréttisþing 5. apríl ● Árshátíð Garðaskóla 27. apríl.
Vika 18	2. - 6. maí	●
Vika 19	9. - 13. maí	●
Vika 20	16. - 20. maí	● Vorpróf 18. - 20. maí
Vika 21	23. - 27. maí	● Vorpróf 23. - 24. maí. ● GERT 10.árg. 26.- 27. maí ● Vorferð í Þórsmörk 27. - 29. maí. 10. árg.
Vika 22	30.maí - 3. júní	● Verum ástfangin af lífinu, Þorgrímur Þráinsson. ● 25. maí. 10. árg ● Rauði krossinn, skyndihjálp. 31. maí. 10. árg. ● Team Spark, ferilskrá, starfsfræðsla. 30. maí. ● 10. árg. ● Starfsnám og úrvinnsla 30. -31. maí. 8. - 9. árg. ● Vísindasmiðjan 8. árg. ● Dagsferðir 4. - 5. júní. 8. árg. ● Vatnaskógur 4. - 5. júní, 9. árg.
Vika 23	6. - 10. júní	● Útivistardagar - heilsuefling. ● Þórdís Elva, siðferði á netinu 8. júní. 10. árg. ● Skólahlaup 6. júní. ● Vorhátíð 8. júní ● Útskrift 8. júní. 10. árg. ● Skólaslit 9. júní. 8. - 9. árg.

SKÓLASTARF

Skólastarf Garðaskóla er í föstum skorðum en áhersla er lögð á að hafa skólastarfið eins fjölbreytt og kostur er. Nemendur fá kennsluáætlanir í upphafi hverrar annar sem segja til um framvindu námsins, engu að síður nýtir skólinn það svigrúm sem gefið er til að sinna annars konar skólastarfi. Ýmsar hefðir hafa skapast í skólanum er varða uppbot og óhefðbundið skólastarf. Öðru hvoru yfir skólaárið er hefðbundin stundaskrá lögð til hliðar og árgöngum blandað í starfi og leik. Vinnuumhverfi nemenda er hefðbundið. Nemendur fara milli skólastofa í faggreinakennslustofur. Góð aðstaða er á bókasafni til að vinna að margvíslegum verkefnum, lesa eða nota tölvur.

Ferðalög og uppbot. Ferðalög, náms- og vettvangsferðir eru fastir liðir í skólastarfinu. Í vetur var farið í stuttar náms- og vettvangsferðir svo og lengri ferðalög í samstarfi við félagsmiðstöðina Garðalund.

Áratugalöng hefð er fyrir því að brjóta upp skólastarfið um miðja haustönn með svokölluðum Gagn og gaman dögum. Gagn og gaman dagarnir voru haldnir 4. - 6. nóvember. Nemendur völdu sér hópa eftir áhugasviði þvert á árganga. Þar koma þeir saman í leik og starfi og styrkja og efla tengslin milli árganga. Allir eru sammála um ágæti og mikilvægi þess að brjóta upp hefðbundið skólastarf á þennan hátt.

Fræðslu- og félagslegt gildi námsferða og ferðalaga er óumdeilt auk skemmtanagildisins. Skíðaferð 9. og 10. árganga til Akureyrar var farin dagana 10. - 13. mars. Stór hluti nemenda fór í ferðina. Skíðaferð 8. árgangsins í Bláfjöll var farin dagana 9. -11. mars. Uppbrotsdagar voru í boði þessa daga fyrir þá sem fóru ekki í skíðaferðir. Vel tókst til bæði með uppbrotsdagana og skíðaferðirnar. Gamalgróin hefð er einnig fyrir vorferðum árganga. Í ár fór 8. árgangurinn í dagsferðir. Farið var til Stokkseyrar, Draugahúsið heimsótt og siglt á kajak. Álíka ferðir hafa verið farnar undanfarin vor með 8. árganginn og tekist vel í alla staði. 9. árgangurinn fór í tveggja daga ferð í Vatnaskóg. Þórsmörkurferð 10.

árgangsins sem er hefðbundin þriggja daga ferð tókst einnig mjög vel. Þeir nemendur sem ekki fóru í vorferðir voru í öðru skipulögðu starfi í skólanum. Deildarstjórar skipuleggja uppbrotsdagskrá í samráði við nemendur og starfsmenn skólans meðan á þessum ferðum stendur. Þetta vorið voru einnig gönguferðir með umsjónarkennurum, Helgafell, Esjan og Búrfellsgjá svo eitthvað sé nefnt. Alltaf er eitthvað um það að sumir nemendur vilji frekar vera í leyfum heima við. Við höfum velt ástæðu þess fyrir okkur. Við viljum leggja áherslu á að nám fari ekki einungis fram innan veggja kennslustofunnar. Uppbrotsdagskráin er skipulögð með það að leiðarljósi að vera fjölbreytt, fræðandi og áhugaverð. Vordagar voru á margan hátt með nýju sniði auk hefðbundinna dagskrárlíða.

Ekki má gleyma Heilsuefningardögunum, þar sem allir nemendur skólans tóku m.a. þátt í skólahlaupi og keppni var í hverjum árgangi.

Dæmi um verkefni á sviði forvarna má nefna Marita og Blátt áfram fræðslu, tannfræðslu á vegum Tannlæknafélags Íslands, fyrirlestur frá SAFT um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun, Láttu drauminn rætast sem Þorgrímur Þráinsson rithöfundur bauð upp á, Þórdís Elva Þórarinsdóttir fjallaði um siðferði á netinu, Rauði krossinn var með skyndihjálparnámskeið fyrir 10. árganginn og kynningu á störfum sínum fyrir alla árganga og svo mætti lengi telja. Viðburðadagatalið hér að ofan gefur ákveðna mynd af stöðunni.

Starfsfólk Garðaskóla fær bestu þakkir fyrir gott samstarf á liðnu skólaári.

Júní 2016

Helga María Ólafsdóttir, deildarstjóri 8. árgangs
Ásta Huld Henrysdóttir deildarstjóri 9. - 10. árganga

SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA NÁMSVERS OG VERKEFNA

STARFSFÓLK OG KENNSLA Í NÁMSVERI

- Elena Einisdóttir (námsver í stærðfræði).
- Elías Sólmundarson (sérkennsla í hægferð stærðfræði og stærðfræði í námsveri).
- Guðmunda Ó. Jónsdóttir (stuðningur við einstaka nemendur og út í bekk).
- Guðmundur Einarsson (sérkennsla í samfélagsfræði fyrir þrjá drengi í 9.bekk). Hann lét af störfum á skólaárinu.
- Hulda Sigurjónsdóttir (sérkennsla matreiðsla)
- Ólafur Ágúst Gíslason tók við kennslu samfélagsfræðihópsins og sinnti auk þess sérkennslu í íþróttum og sundi.
- Guðný Þóra Friðriksdóttir (deildarstjóri, stuðningur í stærðfræði í 8. bekk, lestrarskimanir og lestrargreiningar).
- Margrét Björnsdóttir (námsver í íslensku, stuðningur inn í íslensku í 8. bekk).
- Ragnhildur Thorlacius (sérkennsla í íslensku, íslenska í námsveri).
- Rúna Björk Þorsteinsdóttir (sérkennsla í hægferð í íslensku tveir hópar, íslenska sem annað mál, námsver í íslensku, stuðningur inn í íslensku í 8. bekk).
- Svandís Ríkhardsdóttir (stærðfræði í námsveri og sérkennsla í stærðfræði hægferð).
- Vigdís Björk Agnarsdóttir (stuðningur nemendur í ensku, dönsku, íslensku, félagsfærniþjálfun, íslenska sem annað mál og fl.).
- Þórunn Brandsdóttir (stuðningur).

Fundur og samstarf. Upplýsinga- og samræmingarfundir voru haldnir vegna nemenda með sérþarfir. Þeir kennarar sem koma að þessum nemendum voru boðaðir á fundina. Teymisfundir eru haldnir reglulega yfir veturinn. Teymi eru sett saman vegna nemenda með fatlanir sem þurfa sérhæfða og samhæfða þjónustu. Starfsmaður frá sérkennslu heldur utan um teymið og boðar fundi. Algengt er að

umsjónarkennari, deildarstjóri námsvers, tengiliður við fjölskyldu og námsráðgjafi sitji teymisfundi fyrir hönd skólans. Í vetur var unnið í tveimur teymum og fundað reglulega.

Deildarstjóri námsvers situr skilafundi vegna flutnings nemenda milli skólastiga og hittir kennara barnaskólanna og Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Tilgangur fundanna er að miðla upplýsingum um nemendur. Fundir vegna lestrargreininga og sálfræðigreininga eru haldnir með viðkomandi nemanda og foreldrum hans. Deildarstjóri sinnir lestrargreiningum og heldur skilafundi og situr einnig skilafundi vegna sálfræðigreininga. Deildarstjóri heldur utan um starf Nemendaverndarráðs Garðaskóla og situr vikulega fundi ráðsins.

Vinnuaðstaða. Aðstaða námsversins er að mestu leyti staðsett á 2. hæð í norðurenda aðalbyggingar skólans. Þar eru tvær kennslustofur, tvö lítil herbergi samliggjandi, aðstaða þroskajálfa og skrifstofa deildarstjóra námsvers. Miklar breytingar verða á aðstöðu námsversins næsta skólaár. Aukinn nemendafjöldi við skólann kallar á fleiri kennslurými og báðar stóru stofurnar sem námsverið hefur um árabíl haft til afnota verða teknar undir almenna kennslu. Námsverið hefur áfram þrjú lítil rými sem verða endurskipulögð og búin nýjum húsgögnum og nauðsynlegum búnaði. Þróunin í Garðaskóla hvað varðar sérkennslu og stuðning er sú að þjónustan er veitt inn í námshópana í stað þess að taka nemendur út úr kennslustundum. Deildarstjóri námsvers lítur á þessar breytingar sem frekari skref í þá átt að stuðningskennsla fari ekki endilega fram á ákveðnum stað í skólabyggingunni heldur flæði um húsið.

Starf stuðningsfulltrúa. Tveir starfsmenn veita stuðning í 50% stöðuhlutfalli hvor og er vinnan skipulögð þannig að þeir vinna fjóra daga og eiga einn frídag í viku. Í vetur hefur stuðningurinn aðallega beinst að nemendum í 8. og 9. bekk. Stuðningsfulltrúarnir sinna eftirliti á göngum, í frímínútum og matarhléum, og veita einnig stuðning inn í verklegar greinar.

STUÐNINGUR OG SÉRKENNSLA

Stuðningur og sérkennsla í 8. bekk. Stuðningur við nám og sérkennsla nemenda í 8. bekk er oftast skipulögð inn í viðkomandi fag tíma. Skipulag var með ýmsu móti, stundum kom sérkennari inn í bekkinn og í öðrum tilvikum voru litlir hópar skipulagðir og nemendum kennt í minni hóp. Nemendum í 8. bekk í stærðfræði var skipt niður í hópa eftir námsþörfum með skipulegum hætti líkt og í 9. og 10. bekk.


Einstaklingsnámskrá var unnin fyrir 13 nemendur í árganginum, þ.e. þeir voru með aðlagð námsefni og námsmat í einhverri námsgrein, langflestir aðeins í einni grein (stærðfræði og/eða íslensku).

Myndin sýnir hlutfall nemenda í 8. bekk sem er með einstaklingsnámskrá:




Stuðningur og sérkennsla í 9. bekk. Í stærðfræði og íslensku var tveggja kennara kerfi í hægferðum. Í hægferðahópum í ensku og dönsku vann þroskaþjálfari með kennara. Skólaárið 2015-2016 var 31 nemandi í 9. bekk með einstaklingsnámskrá í einni eða fleiri greinum þar af 22 strákar og 9 stelpur.

Taflan sýnir hlutfall nemenda í 9. bekk sem er með einstaklingsnámskrá:



Skólaárið 2015-2016 þáðu 62 nemendur í 9. bekk sérkennslu (hægferðahópar) eða stuðning í námsveri þ.e. 34 drengir og 28 stúlkur. Þetta eru um 38% nemenda árgangsins. Mestur stuðningur var veittur í stærðfræði og íslensku.


Myndin sýnir yfirlit yfir sérkennslu og stuðning í 9. bekk skólaárið 2015-2016:



Stuðningur og sérkennsla í 10. bekk. Í stærðfræði og íslensku var tveggja kennara kerfi í hægferðahópum. Í hægferðarhópi í dönsku vann þroskaþjálfari með kennara. Skólaárið 2015-2016 voru 30 nemendur í 10. bekk með einstaklingsnámskrá í einni eða fleiri greinum þar af 12 drengir og 18 stúlkur.

Myndin sýnir hlutfall nemenda í árgangi sem er með einstaklingsnámskrá:

10. bekkur skólaárið 2015-2016




- Nemendur með einstaklingsnámskrá
- Nemendur sem fylgja alm. námsmarkmiðum

Skólaárið 2015-2016 þáðu 59 nemendur í 10. bekk sérkennslu (hægferðahópar) eða stuðning í námsveri þ.e. 28 drengir og 31 stúlka. Þetta eru um 39% nemenda árgangsins. Mestur stuðningur var veittur í stærðfræði og íslensku.

Myndin sýnir yfirlit yfir sérkennslu og stuðning í 10. bekk skólaárið 2015-2016:

Nemendur í 10. bekk skólaárið 2015-2016



- Stúlkur í 10. bekk sem fengu sérkennslu/stuðning
- Drengir í 10. bekk sem fengu sérkennslu/stuðning
- Nemendur í 10. bekk án stuðnings og sérkennslu

Námsver. Í námsveri fá nemendur aðstoð og stuðning við námsefni sem verið er að kenna út í hópnum. Fjölmargir nemendur nýta sér námsverið og eru námsverstímar oftast viðbót við hefðbundna stundatöflu. Sumir þáðu bæði aðstoð í stærðfræði og íslensku og aðrir fengu fleiri en einn tíma á viku í námsgreininni. Í vetur hafa einungis verið í boði tímar í íslensku og stærðfræði. Reynslan sýnir að mun fleiri nemendur sækjast eftir aðstoð í stærðfræði en í nokkurri annarri grein. Í vetur var í fyrsta skipti boðið upp á 30 mínútna kennslustundir í námsverinu. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er góð og náum við til fleiri nemenda með þessu fyrirkomulagi. Sérstaklega henta þessar stuttu vinnulotur vel nemendum með ofvirkni og/eða athyglisvanda.

Íslenska sem annað mál. Skólaárið 2015-2016 hafa verið starfræktir fimm námshópar fyrir nýbúa, tvítýngda nemendur og Íslendinga sem hafa búið lengi erlendis. Fjórum námshópum var haldið úti vegna nemenda sem þurfa stuðning vegna langrar dvalar erlendis eða tvítýngis. Í fimmta hópnum voru

nemendur af erlendum uppruna en þeir gátu ekki nýtt sér almenna íslenskukennslu og fengu 4x60 mín tíma á viku í íslenska sem annað mál.

Námskrár og námsmat. Haldið var áfram að þróa leiðir til að setja upp og halda utan um einstaklingsnámskrár nemenda. Margir nemendur sem fá þjónustu í námsverinu eru ekki á einstaklingsnámskrá heldur fá þeir stuðning við að ná almennum námsmarkmiðum. Nemendur fylgja ekki almennum námsmarkmiðum eru með einstaklingsnámskrá. Lögð er áhersla á að einstaklingsnámskrár séu aðgengilegar nemendum, foreldrum og kennurum og stuðli að samfelli í námi þegar nemandinn flyst milli hópa og árganga. Umsjónarkennarar taka saman einstaklingsnámskrár fyrir sína nemendur og deildarstjóri heldur þeim til haga þannig að þær séu aðgengilegar fyrir þá sem þurfa að nálgast þær.

Nemendur geta fengið undanþágu frá skyldunámsgrein af ýmsum ástæðum. Foreldrar og skólustjóri verða að samþykkja slíka undanþágu og þær eru ekki veittar nema að vel ígrunduðu máli því þetta úrræði getur skert möguleika nemenda þegar í framhaldsskóla kemur. Í vetur hafa nemendur á vegum sérkennslunnar einkum fengið undanþágu frá námi í annarri af stóru lesgreinunum (náttúrufræði og samfélagsfræði).

Aðlögun á námsefni og námsmati er ýmist í höndum fagstjóra, fagkennara eða sérkennara.

Sérúrræði í prófum. Ákveðnir nemendur hafa þörf fyrir sértæk úrræði við próftöku vegna kvíða, einbeitingarerfiðleika eða lestrartengdra erfiðleika. Vel var staðið að slíkum sérúrræðum í lokaprófunum en nauðsynlegt er að huga betur að aðstæðum nemenda á öðrum prófatímum. Nemendur sem eru með greiningu eiga rétt á lengri próftíma og rólegum prófaðstæðum. Í vor áttu allir lesblindir nemendur kost á því að nota mp3 spilara í prófum þ.e. búið var að hlaða inn prófgögnum á hljóðrænt form. Með þessari tækni hafa nemendur tækifæri til að sér nýta hlustun sem stuðning við ritmál. Mikil vinna liggur að baki þessari þjónustu því nauðsynlegt er að breyta prófum og setja á viðeigandi form þannig að talgervillinn virki á réttan hátt. Hljóðskrárnar eru síðan vistaðar sem mp3 skrár. Þessi þjónusta mæltist vel fyrir en minna en helmingur lesblindra nemenda nýtti sér úrræðið. Nauðsynlegt er að þjálfa nemendur betur í hlustun og kenna þeim að nýta sér þá þjónustu sem í boði eru.

Félagsfærniþjálfun. Rafn Emilsson atferlisráðgjafi vann með nokkra nemendur í Garðaskóla á vorönn. Hópurinn samanstóð af fjórum drengjum í 8. bekk sem þurftu félagsfærniþjálfun. Þeir áttu það sameiginlegt að hafa lent í árekstrum félagslega, sýnt félagslega hegðun sem var ekki heppileg/viðeigandi og lent í árekstrum við starfsfólk skóla. Einn nemandi í 10. bekk fékk einnig félagsfærniþjálfun og fræðslu hjá Rafni.

Vigdís Björk Agnarsdóttir þroskaþjálfari sinnti einnig félagsfærniþjálfun þriggja drengja.

Námsráðgjöf. Deildarstjóri námsvers vinnur náið með námsráðgjöfum skólans og vinnur með þeim að tilfærsluáætlunum úr grunn- í framhaldsskóla þegar við á.

SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA

Sálfræðingur skólans er Brynjólfur G. Brynjólfsson og vinnur hann greiningar á vitsmunaprofka, ADHD, félagslegri stöðu og líðan. Beiðni um greiningar koma frá nemendum sjálfum og foreldrum. Einnig benda kennarar og/eða aðrir sérfræðingar skólans á ef upp koma grunsemdir um þroskafrávik hjá nemanda og að höfðu samráði við foreldra fer viðkomandi inn á biðlista. Brynjólfur lauk sjö málum í vetur. Öllum athugunum er skilað með formlegum fundum. Á skilafundum sitja, auk Brynjólfs, viðkomandi nemandi, foreldrar og deildarstjóri námsvers. Í vinnslu eru fimm athuganir sem skilað verður í sumar eða haust. Brynjólfur lætur af störfum næsta haust vegna aldurs og er honum þakkað gott samstarf og vönduð vinnubrögð. Ellefu nemendur eru á biðlista eftir sálfræðiathugun.

ÞRÓUNARVERKEFNI

SKÍN verkefnið. Deildarstjóri námsvers er aðili að SKÍN verkefninu sem er samstarfsverkefni kennara og stjórnenda í Garðaskóla og Hofstaðaskóla í Garðabæ. Markmið verkefnisins eru að efla kennsluhætti og innra mat skólanna (sjá skýrslu um SKÍN verkefnið á vef skólans: (<http://gardaskoli.is/skolinn/utgafa/throunarverkefni/>)).

Læsi - Sameiginlegt verkefni skóla í Garðabæ. Deildarstjóri námsvers sat í vetur í vinnuhópi sem samanstóð af sérkennurum og fleiri aðilum úr öllum skólum í Garðabæ. Katrín Friðriksdóttir yfirmaður skóladeildar fór fyrir hópnum. Vinna hópsins fólst í því að ræða um og ákveða hvernig skapa mætti samfellu í skimunum og greiningum á læsi í leik- og grunnskólum Garðabæjar.

UNDIRBÚNINGUR/ÁHERSLUR FYRIR NÆSTA VETUR

Láttu tæknina vinna með þér - þróunarverkefni um notkun talgervla í námi lesblindra nemenda. Guðný Þóra deildarstjóri námsvers og Hildur Rudolfsdóttir kennsluráðgjafi í upplýsinga- og tæknimennt fengu styrk úr Próunarsjóði grunnskóla í Garðabæ fyrir skólaárið 2015-2016 til að vinna að verkefninu „Láttu tæknina vinna með þér“.

Markmið verkefnisins eru:

- Að kynna fyrir skólasamfélaginu hvernig nýta megir tæknibúnað s.s. tölvur, síma og önnur snjalltæki í þágu nemenda með lestrarerfiðleika.
- Að kenna nemendum með lesblindu að nýta sér talgervla til að lágmarka áhrif lesblindu á nám.
- Að þróa prófa- og verkefnagerð með kennurum þannig að uppsetningin henti fyrir talgervla.
- Að fá kennara í samstarf með að bjóða upp á hljóðskrár í prófum svo lesblindir nemendur sitji við sama borð og aðrir nemendur.

Garðaskóli stefnir að því að vera í fararbroddi þegar kemur að þjónustu við lesblinda nemendur. Með þessu verkefni er stefnt að því að koma betur til móts við þarfir nemenda með lesblindu og að lágmarka áhrif lesblindu á námsárangur þeirra. Þannig er hægt að jafna tækifæri og aðstæður til náms. Mikilvægt er að kenna nemendum að taka ábyrgð á lesblindunni, að fá þá til að tileinka sér hentuga námstækni og nýta þau tækifæri sem felast í tækni og upplýsingamennt. Samstarfsaðili Guðnýjar og Hildar í þessu verkefni er Snævar Ívarsson, framkvæmdastjóri Félags lesblindra á Íslandi.

Aðrar áherslur á næsta skólaári eru m.a.:

- Skipuleggja námsverskennslu m.t.t. breyttrar starfsaðstöðu.
- Byrja starfsárið með því að funda með foreldrum og sérsníða stundartöflur fyrir 10-15 nemendur.
- Halda áfram að skima orðaforða og lesskilning nemenda. Þrýsta á um viðeigandi inngrip sem nauðsynleg eru í kjölfar skimana.
- Innleiðing nýrra skimunartækja frá Mennamálastofnun.
- Þróa yndislestur. Finna leiðir og samstarfsaðila sem hafa áhuga og ástríðu fyrir málefni.
- Samstarf við íslenskudeild varðandi breyttar áherslur í námi og kennslu í hægferðum í 9. og 10. bekk.
- Finna leiðir og þróa verkfæri úr SKÍN verkefninu bæði í hægferðarhópum og í námsverskennslu.
- Nýta spjaldtölvur til kennslu í námsveri og litlum hópum - samstarf við kennsluráðgjafa.
- Þróunarvinna með einstaklingsnámskrár sem taka mið af nýrri aðalnámskrá, grunnþáttum menntunar og lykilhæfnimarkmiðum.

Júní 2016

Guðný Þóra Friðriksdóttir, deildarstjóri námsvers

SKÝRSLA FAGSTJÓRA Í ENSKU

Kennarar í ensku skólaárið 2015 - 2016 voru þau Halla Thorlacius, Sigríður Anna Ásgeirsdóttir, Sigurður Stefán Haraldsson, og svo bættist Ragnhildur Thorlacius í hópinn á síðari hluta haustannar.

Faglegt starf enskudeildarinnar var í samræmi við það sem lagt var upp með síðasta skólaár þ.e. að þróa frekar þá hugmyndafræði sem liggur að baki námsmarkmiðum í erlendum tungumálum í aðalnámskrá fyrir grunnskóla, útfæra hugmyndir um fjölbreyttari kennslu og nám í öllum árgöngum og að auka notkun upplýsingatækni.

Í upphafi skólaársins var ákveðið að setja hæfniviðmið fyrir flest verkefni inn í kennsluáætlun hvers árgangs til að gera námsmarkmið sýnileg nemendum. Sú vinna reyndist síðan vera í samræmi við áherslur SKÍN þróunarverkefnisins sem enskukennarar tóku þátt í en tilgangur þess verkefnis er meðal annars, markvissari kennsla og endurgjöf til nemenda. Áhrif SKÍN endurspegluðust líka í því að gera námsmat fyrir einstaka verkefni sýnilegt nemendum, því þannig vissu þeir frá upphafi til hvers var ætlast og hvernig verk þeirra yrðu metin. Þessi nálgun ýtti undir markvissari vinnubrögð og aukinn metnað hjá nemendum, einkum í 10.bekk sem var sá vettvangur þar sem enskukennarar prófuðu helst „verkfærakistu“ SKÍN. Jákvæð áhrif SKÍN komu t.d. greinilega í ljós í verkefninu „debates“ og ekki síður á munnlegu prófi í ensku en í vor var farin sú leið að nemendur fengu matslistann sendan rafrænt nokkrum dögum fyrir prófið og gátu því „mátað“ undirbúninginn fyrir prófið við einkunnaskalann sem prófdómarnir fóru eftir. Það er skemmst frá því að segja að nemendur hafa aldrei mætt jafn vel undirbúnir til leiks og árangurinn var eftir því. Ef spurt væri hvort að þróunarverkefnið SKÍN hefði verið tilraunarinnar virði, yrði svarið hiklaust játandi en að sama skapi er ýmislegt óunnið og alveg ljóst að það þarf líka að kenna nemendum að nýta sér betur þær leiðir sem SKÍN býður upp á, svo þeir átti sig á hvernig þeir geta tekið meiri ábyrgð á eigin námi. Það og fleira tengt SKÍN verður meðal verkefna enskukennara næsta skólaár.

Á haustdögum fengu tveir enskukennarar Erasmus+ styrk frá Rannís til að taka þátt í E-twinnig vinnustofu í Makedóníu og voru þeir einu kennararnir frá Íslandi. Undanfarin ár hefur verið á dagskrá að taka þátt í E-twinnig, svo vinnustofan var kærkomið innlegg í þær áætlanir. Stefnt er að því að 8. eða 9. bekkingar taki þátt í a.m.k. einu slíku Evrópu verkefni skólaárið 2016-2017.

Eitt af því sem lagt var upp með í skólabyrjun var að auka rafræn skil nemenda og endurgjöf frá kennurum og tókst það með ágætum, þannig að við erum alveg á réttri leið hvað það varðar. En eins og með SKÍN þá þurfum við að þjálfva nemendur í að nýta sér það leiðsagnarmat sem þeir fá frá kennurum til að þeir verði virkari í eigin námi og temji sér sjálfstæði í vinnubrögðum.

Það er staðreynd að ungmenni lesa almennt minna en áður og samræmd próf, önnur formleg próf og skilaverkefni benda til þess að lesskilningi sé ábótavant hjá ákveðnum hópi nemenda. Í framhaldi af lestaráttaki skólans og þróunarverkefninu „læsi til náms“ fóru enskukennarar skólans að velja fyrir sér ýmsum leiðum til að auka lesskilning, efla orðvitund og orðaforða í ensku. Við fréttum af forriti sem nefnist Reading Plus og fengum takmarkaðan þröfnunargang fyrir nemendur í 9.bekk. Í framhaldinu sóttum við um og fengum styrk úr þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ til að nota Reading Plus í öllum árgöngum og þjálfva nemendur í alhliða lestrartækni og tileinkun orðaforða í ensku skólaárið 2016 - 2017. Reading Plus er einstaklingsmiðað forrit, nemendur fara í gegnum matsferli þar sem að forritið metur lesskilningsgetu og lestrarhraða. Í kjölfarið er þeim boðið upp á fjölbreytilega texta við hæfi á mismunandi áhugasviðum, þeir færast upp um erfiðleikastig eftir því sem að færnin eykst og fá þá áþreifanlega staðfestingu á því að vinnan hafi skilað sér. Að auki geta kennarar fylgst með framförum sinna nemenda á kennarasvæði forritsins sem skiptir ekki síður, miklu máli og getur líka orðið hluti af formlegu símati á námsframvindu hvers og eins.

Skólaárið 2015 - 2016 var annasamt fyrir margra hluta sakir; aukin sýnileiki markmiða og námsmats, SKÍN, nýtt námsmat í 10.bekk og nýjir matskvarðar sniðnir að hverju verkefni fyrir sig, aukin notkun upplýsingatækni, símat og leiðsagnarmat var iðulega flóknara og tímafrekara en ráð var fyrir gert

þegar farið var af stað. En þegar á heildina er litið geta enskukennarar ekki verið annað en sáttnir við starf skólaársins og árangur nemenda.

Að lokum vil ég fyrir hönd enskukennara þakka skólastjórnendum fyrir gott samstarf.

Halla Thorlacius

SKÝRSLA FAGSTJÓRA Í ÍSLENSKU

Kennarar. Kennarar í deildinni voru þau Gísli Rúnar Konráðsson fagstjóri, Helga Ólafsdóttir, Kristján Hrafn Guðmundsson, Margrét Björnsdóttir, Ragnhildur Thorlacius og Rúna Björk Þorsteinsdóttir.

Áherslur í námi og kennsluháttum. Áherslur deildarinnar í námi og kennsluháttum koma að mestu fram í kennsluáætlunum og eru í meginatriðum þær sömu og sl. skólaár. Ritun og ræðumennska halda sínum sessi og auk þess er heimspekileg samræða hluti af íslenskutímum í 8. og 9. bekk. Vægi bókmennta og málfræði er svipað og sl. vetur.

Að mestu leyti er sama að segja um kennsluhætti. Áfram hefur verkefnið *Læsi til náms* að nokkru leyti verið haft til hliðsjónar í kennslunni. Þá eykst notkun rafrænna kennsluhátta enn með innleiðingu kennsluefnis frá Skólavefnum.

Fjöldi nemenda með einstaklingsnámskrá/aðlagð námsefni og námsmat veturinn 2015-2016:

8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
1	13	13

Breytingar og þróunarverkefni. Á skólaárinu voru í fyrsta sinn sérstakir ritunartímar í 8. og 9. bekk, þ.e. báðum árgöngum. Sú tilhögun tengist heimspekilegri samræðu sem nú var sömuleiðis í þeim báðum. Breytingin kallar á nýja nálgun á viðfangsefninu og væntum við góðs af þessu fyrirkomulagi. Skipulag ritunarkennslunnar næsta skólaár mótast af námsefni Skólavefsins, einkum þess hluta sem nefnist Tungutak, og nánar verður getið um síðar.

Málfundirnir eru enn í mótun og þróast frá ári til árs. Það á jafnt við um fyrirkomulag þeirra og kröfur til nemenda.

Næsta skólaár verður námsefni Skólavefsins tekið inn í kennsluna af fullum þunga og mun kennslan að langmestu leyti byggjast á því. Þar er um að ræða bækurnar Tungufoss og Tungutak, auk annars stuðningsefnis á Skólavefnum. Bækurnar eru báðar á rafrænu formi og líka hægt að hlusta á þær á vefnum, auk þess að vinna gagnvirk verkefni. Innleiðing þessa námsefnis verður helsta þróunarverkefnið og kallar á talsverðar breytingar á kennsluháttum, m.a. verður hlutur rafræns efnis meiri. Þá gerir námsefnið kröfur um önnur og fjölbreyttari efnistöð, m.a. verður mun meiri áhersla á lesskilning og túlkun texta en verið hefur. Við væntum góðs af þessum breytingum og treystum því að lesskilningur nemenda okkar aukist til muna og að þeir verði einnig betri málnotendur.

Niðurstöður námsmats sýna að ástæða er til að halda áfram þeirri viðleitni að höfða meira til drengja í kennslunni, án þess þó að það bitni á stúlkunum. Þær breytingar sem þegar hafa verið gerðar og minnst er á í ársskýrslu sl. árs, eru til bóta að okkar mati. Við bindum einnig vonir við að nýja námsefnið hjálpi til í þessum efnum.

Að lokum er það yndislesturinn. Honum þarf að koma í fastari skorður en reyndin varð á sl. skólaári. Sú tilraun sem þá var gerð tókst því miður ekki sem skyldi og því þarf að finna leið til að festa hann rækilega í sessi.

Mat á starfi skólaársins. Starfið í deildinni gekk vel að mestu. Samstarfið var gott, nýir kennarar komu sterkir inn og allir voru tilbúnir að taka að sér þau verkefni sem vinna þurfti hverju sinni. Starfið er enn í mótun eins og fram hefur komið en á næsta ári sjáum við fyrir okkur að helstu breytingar verði komnar í gegn.

Ef við skoðum námsárangur nemenda okkar þá er hann ekki alltaf eins og við helst kjósum. Við viljum alltaf að hann sé sem allra bestur og erum kannski aldrei fyllilega sátt við útkomuna hverju sinni. Þar getur ýmislegt spilað inn í. Það er þó fullvíst að kennarar íslenskudeildarinnar gera miklar kröfur til sín sem fagmanna og leggja sig alla fram til að árangur náist.

Júní, 2016

Gísli Rúnar Konráðsson, fagstjóri

SKÝRSLA Í MYNDLISTARGREINUM

Myndmennt er fjölbreytt námsgrein og innan Garðaskóla er henni skipt í nokkrar undirgreinar. **Myndmennt** er skyldunámsgrein í 8. bekk en valgreinarnar „Myndlist“ og „Margmiðlun“ og eru í boði fyrir 9. og 10. bekk í blönduðum hópum. Kennarar voru Ingimar Ólafsson Waage og Heiða Lind Sigurðardóttir.

Kennslustundirnar í **myndmennt** í 8. bekk voru tvær samliggjandi 60 mínútur að lengd, hálfan vetur í senn. Að jafnaði voru unnin fimm til sex verkefni í 8. bekk. Í hópum fyrir áramót var unnið með stærðfræðilegar skynvillumyndir í anda Victor Vasarely og í framhaldi fengu nemendur að kanna og þróa sjálfstæð verk í sama anda, einnig þekkt sem Op Art. Nemendur unnu líka þrívíð verk úr steinleir á tvo ólíka vegu, annars vegar í formi lágmýnda og hins vegar skálar. Kveikja þeirrar vinnu var gífsafsteypa af leir þar sem negatíva og pósitíva spiluðu stórt hlutverk. Nemendur fengu svo kynningu á klippimyndum (Collage) og bjuggu til slíkar myndir eftir eigin hönnun. Þá gerðu þeir dúkþrykkmyndir út frá jólabema.

Í hópum 8. bekkjar á vorönn var einnig byrjað á verkefni í anda Victor Vasarely og síðan farið út í leirverk. Skipaði leirvinnan stóran sess þar sem nemendum gafst tækifæri á samvinnu við Hönnunarsafn Íslands og sýningu Steinunnar Marteinsdóttur leirlistakonnu. Nemendur sóttu safnið heim, unnu hugmyndavinnu og kynntu sér líf og störf listakonunnar auk þess að vinna leirverk í anda náttúrunnar. Þá var sett upp sýning á verkum barnanna í Hönnunarsafninu á Listadögum Garðabæjar. Nemendur fengu líka að láta ljós sitt skína í þrykkvinnu og unnu margvísleg verk með blandaðri tækni. Í lok annar voru svo gerðar klippimyndir.



Nemendur unnu sjálfsmatsblað fyrir hvert verkefni þar sem þeir tilgreindu hvað þeir teldu hafa gegnið vel við vinnuna, hvað hefði mátt ganga betur og hvernig þeim hafi almennt líkað að vinna verkefnið. Þeir gáfu sér einkunn sem gildi 10% af lokaeynkunn. Eftir áramót fengu nemendur einstaklingsviðtöl við kennara þar sem farið var yfir verk nemenda yfir önnina og sjálfsmatið rætt. Listasaga var flétuð inn í verkefni nemenda og stuðst við kennslubók í listasögu sem Námsgagnastofnun gaf út.



Í **Myndlistarvali** voru þrír hópar. Kennslustundir voru 60 mínútur, tvisvar í viku. Það var mjög hentugt fyrirkomulag, tímarnir voru orkuríkir og stemning jákvæð. Verkefni voru fjölbreytt en tímafrek í úrvinnslu. Lögð er áhersla á frelsi nemenda til sköpunar: haustönnin og fyrri hluti vorannar byggist þannig upp að efniviðurinn ræður för, unnið var með akrýlmálun, leirmótun - m.a. gifs mótagerð og hellingu í þau, dúkristu og olíumálun. Innan ramma efniviðarins höfðu nemendur frelsi til frjálsrar sköpunar. Nemendur unnu einnig fræðilegt verkefni á bókasafninu sem endaði með glærुकynningu og umræðum, þeim var boðið að skoða listaverkabækur í eigu skólans og finna „uppáhaldslistamann“. Þetta verkefni opnaði augu margra nemenda fyrir listamönnum sem þeir höfðu ekki kynnst áður og í ljós kom að þeir leita æ minna og sjaldnar til hefðbundinna bóka til að afla sér upplýsinga og njóta listar en fullyrða má að bækur séu á margan hátt aðgengilegri en netið á þessu stigi. Síðari hluti vorannar var helgaður „lokaverkefni“ sem byggist á sjálfstæðri vinnu þar sem nemendur hafa val um efnivið og útfærslu. Í upphafi við vinnslu lokaverkefnis settu nemendur fram áætlun þar sem þeir gerðu grein fyrir verkefni sínu með rökstuðningi og væntingum þeirra til verkefnisins. Þetta var nýmæli og er ljóst að leggja þarf meiri áherslu þennan þátt í framtíðinni til þess að efla ábyrgð nemenda á eigin námi. Nemendur unnu sjálfsmatsblað þar sem þeir tilgreindu hvað þeir teldu hafa gengið vel við vinnuna, hvað hefði mátt ganga betur og hvernig þeim hafi almennt líkað að vinna verkefni. Við annarlök haust- og vorannar fengu nemendur einstaklingsviðtöl við kennara á grundvelli sjálfsmatsblaðs, áætlunar fyrir lokaverkefni og verkmöppu þar sem farið var yfir vinnu annarinnar. Þessi persónulegu viðtöl voru afar innihaldsrík og gagnleg fyrir báða aðila og mikilvægt að auka vægi þeirra á næstu árum.

Í **Margmiðlun** voru tveir hópar. Kennslustundir voru 60 mínútur, einu sinni í viku. Lögð er áhersla á hina skapandi og sjónrænu þætti tölvuvinnslu. Unnið var með forritun í Processing forritunarumhverfinu. HTML og CSS vefforritun var einnig kennd. Myndvinnsla í GIMP (ljósmyndir og teikningar) og Blender (þrívíddargrafík). Nemendur unnu einnig lokaverkefni að eigin vali. Almennt gekk vinnan vel, tæknilegir örðugleikar voru í lágmarki þótt tölvurnar í tölvustofunum séu ekki sérstaklega öflugar. Þörf er á góðum heyrnartólum við hverja tölvu þrátt fyrir að nemendur hafi í auknum mæli eigin heyrnartöl meðferðis. Lögð er áhersla á að nota frjálsan hugbúnað við kennsluna. Áfram var unnið með þrívíddarprentun en prentarinn hefur verið á vergangi og ekki haft fasta staðsetningu en samstarfið við kennsluáðgjafann í upplýsinga- og tæknimennt mun leiða til þess að næsta vetur verður prentaranum og tölvu sem við hann er tengd fundin varanleg staðsetning. Ljóst er að hann þarfnast þess að vera staðsettur í upplýsinga- og tækniveri í anda FabLab þar sem nemendur hafa aðgang að tækinu. Þrívíddarprentunin er afar sérhæft verkefni sem krefst góðrar þekkingar þess starfsmanns sem hefur umsjón með honum. Prentunin tekur langan tíma og getur ýmislegt farið úrskeiðis og því er nauðsynlegt að einhver sé til staðar meðan prentarinn er í gangi.

Aðstaða, efni og tæki. Hvað aðstöðuna varðar er brýn þörf á að fara í endurskoðun á innréttingum eins og áður hefur komið fram á þessum vettvangi og vísa höfundar í ársskýrslur síðustu ára. Í raun þarf nauðsynlega að endurhanna allt rýmið, litlar kompur og þröngur gangur framan við sjálfa kennslustofuna eru afar óhentug rými sem nýtast afar illa. Loftræsting í kompunn þar sem leirbrennsluofninn er þarfnast úrbóta en réttast væri að útbúa sérstakt leirherbergi við útvegg með beinni loftræstingu út. Slíkt rými myndi einnig nýtast vel sem þurrkrými fyrir leirmuni. Sjálfur leirbrennsluofninn er kominn til ára sinna og er óáreiðanlegur þegar verið er að brenna glerunga og ljóst er að innan fárra ára þarf nauðsynlega að endurnýja ofninn. Hillurnar í leirryminu þarf að endurnýja. Í stofunni var í upphafi vetrar Apple iMac tölvu en hún var fjarlægð til þess að nota í upplýsingaverinu, m.a. fyrir stuttmyndagerðina. Brýn þörf er á að fá tölvuna aftur inn í stofuna ásamt skanner. Prentari sem kom frá skrifstofu skólastjóra á eftir að koma í góðar þarfir. Á döfinni er að staðsetja nokkrar Microsoft Surface spjaldtölvur í stofunni sem geta nýst til upplýsingaöflunar. Borð eru komin til ára sinna en duga vel engu að síður. Skjávarpi er festur í loft og kemur að mjög góðu

gagni. Hins vegar bráðvantar ennþá nægilega stórt tjald á vegginn. Ný grafíkpressa kom sér afar vel í þrykkinu og bætti verk nemenda óumdeilanlega. Fundu kennarar mikinn mun á grafíkvinnu og verkum nemenda eftir að pressan kom en mikilvægt er að festa pressuna á borð á hjólum til að tryggja öryggi. Það væri líka æskilegt að fá lágar bókahillur í stofuna.

Gjört í júní 2016

Ingimar Ólafsson Waage og Heiða Lind Sigurðardóttir, Myndmenntakennarar

SKÝRSLA FAGSTJÓRA Í NÁTTÚRUFRAEÐI

Kennarar í deildinni. Kennarar í náttúrufræðideild veturinn 2015 - 2016 voru Helga María Ólafsdóttir, Þorkell Jóhannsson, Ragnheiður Stephensen og Nanna Traustadóttir.

Helstu áherslur fagdeildarinnar. Náttúrufræðideildin leggur mikið upp úr því að koma víða við í heimi náttúruvísindanna. Farið er í helstu hluta líf-, eðlis- og efnafræði og þær kenningar sem hafa ráðið þar ríkjum í lengri tíma. Auk þessa er mikið lagt upp úr því að grípa til nýrra rannsókna og uppgötvana, jafnvel þó þær komi upp skyndilega á miðri önn. Í heild sinni er áherslan á það að nemendur skynji og skilji umhverfi sitt í viðum skilningi, kunni að leita sér upplýsinga um málefni er tengjast náttúruvísindum, rýni í gögn og geti tekið upplýstar ákvarðanir í framhaldinu auk þess að vinna í samstarfi við jafningja að lausn verkefna.



Nemendur vinna með námsefnið á fjölbreyttan hátt. Sem dæmi má nefna fyrirlestrar kennara, eigin lestur, að finna lausnir við skriflegum verkefnum, fjölbreytt samstarfsverkefni, tölvuverkefni, þverfagleg verkefni, verkleg rannsóknarvinna, skýrslugerð, heimildavinna og hugarkortagerð.

Áherslur deildarinnar eru í takt við það sem fram kemur varðandi náttúrugreinar í gildandi Aðalnámskrá grunnskóla, greinasviði, frá árinu 2013.

Fjöldi nemenda með einstaklingsnámskrá/aðlagð námsefni og námsmat:

8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Enginn	Fimm	Á ekki við

Breytingar og þróunarverkefni. Á haustdögum hafði deildin unnið að því að námsmat í 9. bekk ætti að færa í það horf sem tilheyrir nýju námsmati samkvæmt núgildandi Aðalnámskrá. Rökin fyrir því að gera það strax í 9. bekk var sú að um ræðir lokaáfangar nemenda í náttúrufræði í Garðaskóla. Stjórnendur tóku þó þá ákvörðun að hausti að eingöngu áfangar í 10. bekk myndu fara í þetta starf og báðu því deildina um að fresta þeirri vinnu til n.k. vetrar. Valgreinar í náttúrufræði héldu þó áfram þessari vinnu, en markaðist hún þó mikið af þeirri ákvörðun stjórnendateymisins að hafa bakviðliggjandi kvarða vegna nýrra einkunna og ekki er hægt að segja að þeirri vinnu sé því lokið. Vinnan með þessar breytingar fer aftur af stað vegna 9. bekkjar haustið 2016.

Unnið hefur verið að áherslubreytingum í námsefni í deildinni undanfarin ár. Ætlaði deildin að taka inn nýtt efni um áramót í 8. bekk. Vegna aðstæðna í deildinni var ákveðið að fresta þessu þannig að kennarar gætu haft endurmenntunardaga á sumartíma 2016 til þess að lesa efnið yfir og taka því nýja efnið inn veturinn 2016-2017. Efnið sem um ræðir tengist námsefninu *Eðlisfræði 1-3*. Efnistökin verða þó svipuð og s.l. ár. Framhaldsskólalíffræðin í vetur gekk vel og 18 af 20 nemendum náðu ásættanlegum árangri á prófi í FG. Það mun þó vera á reiki hvort áfanginn teljist 1. þreps áfangi eða 2. þreps áfangi vegna breytinga á framhaldsskólastiginu og fylgjast verður með því n.k. vetur og huga að því að velja að hafa framhaldsskólaáfangar sem sannarlega telst 2. þreps áfangi.



Nemendur í 9. bekk kryfja innfyli úr svíni

Deildin setti það alfarið í hendur deildarstjóra að sjá um að panta heimsóknir fyrir 8. bekki í Vísindasmiðju Háskóla Íslands, en farið var með umsjónarkennurum á vordögum. Engar aðrar formlegar vettvangsferðir voru farnar í tengslum við náttúrufræði í 8.-9. bekk.

Samstarfsverkefni við náttúrufræðideildina í Álftanesskóla um speglaða kennslu hélt áfram. Staðan á því verkefni er sú að aðkoma Garðaskóla hingað til hefur snúið að praktískum atriðum verkefnisins s.s. yfirferð handrits vegna myndbandagerðar og þátttaka í gagnabankagerð. Kennarar í Garðaskóla hafa nýtt sér myndbönd Gauta Eiríkssonar í Álftanesskóla og hvatt nemendur til þess að nýta myndböndin heima til aukins undirbúnings eða t.d. þegar nemendur forfallast og þurfa að lesa upp efni sem þeir hafa misst úr. Ekki er víst á þessari stundu hvort verkefnið fær áframhaldandi styrk eður ei.

Fagstjóri deildarinnar fór ásamt náttúrufræðikennurum úr öðrum skólum á ráðstefnu ASE í Birmingham í janúar. Ráðstefnan var vel heppnuð og fagstjórinn kom til baka með innblástur að mörgum áherslubreytingum. Strax í kjölfarið fór af stað samstarf við myndlistardeildina (v. Ingimar Waage) vegna fyrirhugaðs samstarfsverkefnis þessara tveggja deilda í anda STEAM - *science, technology, engineering, arts and mathematics*. Fyrirhugað var að setja verkefnið upp á listadögum á vorönn. Verkefnið var skipulagt og á það komin mjög góð mynd þegar skyndilega áherslum var breytt af hálfu skipulagsnefndar þessara daga og algjör kúvending varð á verkefninu og það smættað svo eftir stóð nær eingöngu föndurverkefni. Viðræður um önnur samstarfsverkefni hafa farið fram á önninni, m.a. við Sigurð í enskudeildinni. Ljóst er að verulega væri hægt að auka vægi þverfaglegra nemendaverkefna innanhúss við náttúrufræðideildina.

Gerð var tilraun til breytinga á námsmati til þess að minnka vægi prófa og þá pressu sem nemendur upplifa þeirra vegna. Nemendur þreyttu stutt óundirbúin tímaverkefni - nokkuð í anda kaflaprófa, þó sett upp á léttari hátt og t.d. höfð mun styttri. Þessi tímaverkefni fengu ekkert vægi í námsmati (0%) en voru þó ávallt yfirfarin og sett í námfús svo bæði nemendur og fólkíð heima gæti fylgst með framvindu mála. Fyrirkomulagið var farsælt og gaf góða mynd af því m.a. hvort nemendur væru

nægilega undirbúnir fyrir tíma, hvort þeir þyrftu að lesa ákveðin atriði upp aftur og fleira í þeim dúr. Ávallt stendur sú krafa að nemendur mæti lesnir til kennslustundar og taki þátt í tímum.

Mat á starfi skólaársins. Skólastarfið gekk almennt vel fyrir sig í náttúrufræðideildinni. Samstarfstími deildarinnar fór allur í undirbúning verkefna, bæði skriflegra og verklegra. Hópar í 9. bekk voru stórir eða ekki undir 25 nemendum. Þetta hefur að sjálfsögðu áhrif á allt starfið í deildinni og gerir bæði tíma sem þarf í tölvustofum og einnig verklega tíma mun flóknari og þyngri í vöfum. Tölvustofurnar eru almennt séð ekki búnar tölvukosti sem virkar fyrir 25 eintaklinga og vegna þess að sífellt fleiri deildir nýta sér tölvurnar eru slíkar stofur umsetnar. Verkleg vinna með 25-29 einstaklinga og einn kennara er afar þungt verkefni af augljósum ástæðum og því hefur það verið markmið s.l. ár í deildinni að huga vel að öryggi hópa og vinna eingöngu að einföldum verklegum æfingum sem ekki krefjast mikilla öryggisráðstafana, s.s. hvað varðar vinnu með efni o.fl. Deildinni gafst enn eitt árið í röð afar lítill tími til frágangs og skipulags í stofum. Þetta er afar miður og nokkuð sem þarfnast nánari skoðunar. Náttúrufræði er fag þar sem bæði er unnin bókleg og verkleg vinna með tilheyrandi innkaupum, frágangi, viðhaldi tækjakosts og þrifum. Þetta hefur áhrif á allan undirbúning verklegrar vinnu og sýnikennslu - og útfærslu atriða er þar að lúta. Þetta vekur upp spurningar um það hvert við viljum sjá náttúrufræðina stefna. Ef vilji er fyrir því að greinin endi sem eingöngu bókleg grein þar sem nemendur fá sjaldan eða aldrei að prófa og/eða upplifa þá liggur það beinast við að stinga upp á enn frekari hagræðingum og yfirfæra það fyrirkomulag einnig á t.d. heimilisfræði og myndlist.

Nanna Traustadóttir, fagstjóri í náttúrufræði

SKÝRSLA KENNARA Í SAMFÉLAGSFRÆÐI

Kennarar við deildina í vetur voru Guðmundur Einarsson, Hildur Runólfsdóttir, Hilmar Þór Sigurjónsson, Ólafur Ágúst Gíslason og Reynir Engilbertsson.

Í samfélagsfræðinni leggjum við áherslu á að vinna að markmiðum nýrrar námsskrár eins og fram kemur í skólanámsskrá og [kennsluáætlunum](#). Þar má nefna þætti eins og jafnrétti, lýðræði, sjálfbæra þróun og umhverfismál. Allir þessir þættir koma inn í umfjöllun og vinnu í samfélagsfræðinni. Þá hefur verið lögð áhersla á að notfæra sér mismunandi kennsluhætti og leiðir til að ná settum markmiðum.

Ekki er ferðaskipting í samfélagsfræði en eitt af viðfangsefnum komandi skólaárs er að leggja aukna áherslu á að geta boðið upp á aðlagð námsefni fyrir þá nemendur, sem þess þarfnast.

Með upptöku nýrrar Aðalnámsskrár eru ýmsar breytingar að eiga sér stað í samfélagsfræðinni líkt og í öðrum greinum og er unnið markvisst að því. Þessar áherslubreytingar má glöggst sjá í nýútkomnu námsefni bæði í landafræði og sögu. Heilmiklar umræður og vinna hefur átt sér stað meðal kennara deildarinnar um þessar breyttu áherslur. Þessi vinna hefur m.a. skilað sér í nýjum áherslum í námsmati. Vægi hefðbundinna prófa hefur minkað en mikilvægi ýmissa annara þátta aukist, má þar nefna að við höfum tekið upp sjálfs- og jafningjamat sem lið í mati á skilaverkefnum. Áfram verður haldið á næsta skólaári með þróun þessara þátta vonandi í góðri samvinnu kennara deildarinnar.

Nokkrar vettvangsferðir voru farnar í vetur á vegum deildarinnar og heppnuðust þær í alla staði vel. 10. bekkur fór á Skólaping á vegum Alþingis og 8. bekkur heimssótti landnámssýninguna í Reykjavík. Þá má nefna að í tengslum við landafræðinám í 9. bekk snæddu nemendur og kennarar saman austurlenskan mat vegna náms um heimshlutan.

Gerðar voru áhugaverðar tilraunir í sögukennslunni í 10. bekk. m .a. settu nemendur sig í spor fólks sem upplifðu stóra atburði í mankynssögu 20 aldar með bréfa/dagbókarskrifum.

Fjöldi nemenda með einstaklingsnámskrá/aðlagð námsefni og námsmat:

8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Enginn	Enginn	1

Garðabær 15. ágúst 2016

Reynir Engilbertsson og Hilmar Þór Sigurjónsson

SKÝRSLA SMÍÐAKENNARA

Kennari: Sylvía B. Gústafsdóttir

Smíði er skyldunámsgrein í 8. bekk en valfag hjá 9. og 10. bekk í blönduðum hópum. Skartgripagerð/silfursmíði er einnig valfag hjá 9. og 10. bekk.

Kennsluhættir. Í smíði eru grunngildin vinnugleði, virðing og vandvirkni höfð að leiðarljósi. Tímarnir miðuðust mikið á því að hvetja nemendur í að prufa og gera tilraunir og hafa trú á sér. Fá hugmyndir og sjá að hægt er að gera fallega og eigulega hluti. Í 8. bekk hefst önnin á því að sama verkefni er lagt fyrir alla nemendur til að sjá hvar nemendur standa. Lögð voru tvö skylduverkefni fyrir alla nemendur sem þó gátu útfært sitt verkefni eftir sínu höfði og fært það yfir á mismunandi getustig. Fyrra skylduverkefnið var bók úr krossvið sem var hugsuð sem gestabók fyrir ferminguna. Nemendur höfðu þó frjálsræði með útilit og notagildi. Seinna skylduverkefnið var verkefni unnið úr málm þar sem nemendur söguðu út verkefni sem þeir hönnuðu sjálfir. Þegar báðum skylduverkefnum var lokið höfðu nemendur frjálsar hendur við að gera þau verkefni sem að þeir vildu. Þá kom sköpunargleði og sjálfstæði nemendanna í ljós og margir nemendur skínu skært. Í 9. og 10. bekk voru engin skylduverkefni og höfðu nemendur mikið frjálsræði. Gátu unnið í mismunandi efnivið eins og tré, málm, gátu logsoðið, skorið út í tré og ýmislegt fleira. Til að fá hugmyndir að verkefnum eru spjaldtölvur notaðar til að skoða ýmsar áhugaverðar síður. Margar skemmtilegar hugmyndir og verkefni voru gerð en því miður hentar ekki öllum að hafa þetta frjálsræði og fór allt of mikill tími hjá sumum að hugsa og finna sér verkefni við hæfi.



Kennari kynnir valgreinar í smíði á valgreinakynningu vor 2016

Á næsta ári er ætlunin að byrja önnina á skylduverkefni hjá valhópnum til að sjá hvort að það höfði betur til breiðari hóps. Reynt er að gera verkmenntun að aðlaðandi valgrein í framtíðinni með því að leyfa nemendum að vinna í eins fjölbreyttum efnivið og gera tilraunir eftir áhugasviði þeirra.

Á þessu skólaári var ákveðið að gefa einkunn í bókstöfum. Námsmatið er enn í þróun en horft er aðallega á frammistöðu í tímum, sköpunargleði og svo auðvitað gripirnir metnir í lokin. Nemendur í 8. bekk skrifuðu dagbók eða vinnubók í lok hvers tíma þar sem fram kemur hvað gert var í hverjum tíma. Skráning í bókina á ekki að taka meira en 3-5 mínútur og það hjálpar til við einkunnagjöf og fær nemendur til að festa betur í minni hvað gert var og styðja þeirra sjálfsmat. Sumir unnu skissur og teikningar í vinnubókina. Nemendur mátu sjálfir sína framistöðu en hafa gjarnan tilhneigingu til að meta sig of hátt. Næsta vetur verður unnið áfram með það í list- og verkgreinum hvernig sjálfsmatinu er best háttað. Þá verður áfram unnið með hæfnikvarða sem hjálpar nemendum við sjálfsmatið.

Breytingar og þróunarverkefni. Læsisverkefnið *Læsi til náms* hefur verið áberandi í vetur og hafa kennarar verið hvattir til að taka þátt því af fullum krafti. Smíðakennari hefur reynt með veikum mætti að tengja læsi inn í kennsluna. Sú kennsla hefur aðallega falist í því að hlusta á íslenska tónlist í tímum og ræða textann. Þá hefur smíðakennari farið yfir algeng verkfæri, rætt og útskýrt.

Mat á starfinu í smíði. Fagdeildin stefnir á að auka nýsköpun og leitað verður leiða til að virkja frumkvæði nemenda og innleiða þær aðferðir sem auðvelda þeim að þróa hugmyndir sínar og framkvæma. Oft er auðveldara að skapa og prufa sig áfram með verðlaus efni og þannig þróast gjarnan góðar hugmyndir.

Úrbótatillögur. Þreytu gætir hjá þeim nemendum sem eru fram eftir degi í skólanum og æskilegt ef hægt væri að breyta því og hafa tímana fyrr á daginn. Algengt er að tímar séu svo seint að deginum að þeir stangist á við tómstundir nemenda. Lagfæra þarf ýmislegt í smíðastofu. Brýnast er bæta loftræstikerfi stofunnar. Verkfæri þarf að yfirfara með tilliti til öryggis við vinnu. Þá þyrfti að setja nýjan vask í málningarherbergið og mála. Pússa upp hefilbekki og endurnýja stóla. Þá þarf að huga þarf vel að því hverjir eiga að hafa aðgang að smíðastofu. En umgengni er ábótavant og of margir virðast geta gengið um stofuna og nýtt sér tæki og tól stofunnar.

Samstarf í list- og verkgreinum hefur verið mjög gott og er afar mikilvægt þar sem oftast er einn kennari sem sér um hverja grein. Samvinna við innleiðingu breytinga sem fylgja nýrri aðalnámsskrá mun koma sér vel.

Þar sem að mikil áskókn er í smíði er búið að ráða annan smíðakennara í hlutastarf.

júní 2016
Sylvía B. Gústafsdóttir

SKÝRSLA FAGSTJÓRA Í STÆRÐFRÆÐI

Kennarar. Í stærðfræðideildinni eru Aldís Aðalbjarnardóttir (nóv-des), Ásta Huld Henrysdóttir, Elena Einisdóttir, Elías Sólmundarson, Kristinn Sigurbergsson, Ragnheiður Stephensen, Svandís Ríkhardsdóttir og Þorkell Jóhannsson.

Kennsluhættir í stærðfræði byggjast að miklu leyti upp af innlögnum og útskýringum á töflu, umræðum og einstaklingsaðstoð þar sem kennari gengur á milli nemenda. Deildin hefur einnig verið að prófa sig áfram í notkun á spjaldtölvum eins og árin á undan. Nemendur fylgjast með innlögnum, taka þátt í umræðum, reikna í tíma og heima bæði ein og í þörum/hópum. Einnig hafa kennarar verið að prófa að sýna nemendum myndbönd með innlögnum og benda nemendum á að það sé til mikið að myndböndum á netinu sem geta aðstoðað þá í stærðfræðináminu. Nokkrir kennarar í deildinni hafa verið í þróunarverkefninu SKÍN sem gengur út á sýnileg markmið í kennslu, upprifjun í hverjum tíma og markvisst leiðsagnarmat. Þetta hefur gengið mjög vel í þeim hópum sem þetta var prófað í og mikill hugur að gera þetta í fleiri hópum næsta skólaár. Sjá nánari lýsingu á námi nemenda í [kennsluáætlunum](#).



Fjöldi nemenda með einstaklingsnámskrá/aðlagð námsefni og námsmat:

8. bekkur		9. bekkur		10. bekkur	
Vor 2015	Vor 2016	Vor 2015	Vor 2016	Vor 2015	Vor 2016
17	13	21	23	22	23

Breytingar og þróunarverkefni. Stærsta breytingin á skólaárinu var án efa nýtt námsmat í 10. bekk sem á að taka upp líka í 8. og 9. bekk næsta skólaár. Námsmatið byggist á því að meta hvaða hæfni nemendur hafa náð og er deildin komin vel á veg í þeirri innleiðingu.

Stærsta breytingin í fyrra að byrja ferðakerfið í 8. bekk varð til þess að flugferðin í 9. bekk í ár átti mjög auðvelt með að klára námsefni 10. bekkjar án nokkurar tímapressu sem var ástæða þess að við vildum þessa breytingu. Þessi breyting er því komin til að vera ef deildin fær einhverju ráðið um það.

Læsi til náms þróunarverkefni til að bæta lesskilning og orðaforða nemenda vorum við með í öllum árgöngum. Krossglimur, hugarkort og hugtakaskilningur í 8. og 9. bekk. Leiðarbækur í 9. og 10. bekk. Nýjungin í vetur var lestur á Talnapúkanum í 10. bekk þar sem nemendum var skipt í hóp sem tóku einn kafla í bókinni hver, kenndu samnemendum sínum efni kaflans og bjuggu einnig til verkefni handa samnemendum sínum.

Eins og áður hefur komið fram þá voru nokkrir kennarar í deildinni í Skín þróunarverkefninu og höfum við mikinn hug á því að innleiða sýnileg markmið, upprifjun í hverjum tíma og markvisst leiðsagnarmat.

Mat á starfi skólaársins. Skólaárið gekk vel í heild sinni, áætlanir stóðust og mesta þúðrið fór í nýtt námsmat í 10. bekk.

Deildin er ánægð með störf vetrarins, mjög ánægð með þær breytingar og nýjungar sem hafa verið gerðar í síðastliðin tvö ár og deildin einkennist af metnaði og dugnaði með það að markmiði að undirbúa nemendur vel undir nám í framhaldsskólum landsins.

Ábendingar sem deildin vill koma til skólastjórnenda er að við söknuðum mikið heimanámstímanna sem hafa ekki verið í boði síðastliðin tvö ár og vonandi mun ný valgrein næsta skólaár koma í staðinn fyrir það. Í sambandi við nýtt námsmat þá hefur deildin áhyggjur af því að innleiða tvo árganga næsta skólaár þar sem það tók mjög mikinn tíma í vetur að innleiða námsmatið í einum árgangi.

Garðabær, júní 2016
Elena Einisdóttir, fagstjóri í stærðfræði

SKÝRSLA KENNARA Í TEXTÍLMENNT, PRJÓNI OG FATAHÖNNUN

Kennari: Guðrún Björk Einarsdóttir

Helstu áherslur. Í vetur hefur verið lögð áhersla á að fá nemendur til að leggja sig fram við hugmyndavinnu og hafa sjálfir sem mest áhrif á hvernig þeir útfæra verkefni. Í 8. bekk var einkum unnið samkvæmt nýsköpunarhugtökunum þörf, lausn og afurð. Nemendur skilgreina hvað þeir vilja helst gera (þörfina), finna leið til að framkvæma (lausn) en til þess geta þeir notað eigið hugvit eða leitað á síðum á neti, í blöðum og bókum. Útkoman er síðan verkefnið sjálft (afurðin). Hugmyndavinnan felst í því að skrá niður á blað hugmyndir og tillögur að lausnum. Einhver raunveruleg nýsköpunarverkefni litu dagsins ljós en önnur voru útfærð breytt og endurbætt eftir hugmyndum annarra.

Tveir 9. bekkjar valhópar voru í vetur í eina kennslustund á viku. Duglegir og áhugasamir nemendur sem skiluðu sínu þrátt fyrir knappan tíma. Í fatahönnun í 10. bekk var lögð áhersla á að læra að hanna flíkur eftir eigin hugmyndum og skrá niður vinnuferlið. Þrónahópurinn í ár skilaði frábærri vinnu og er miður að ekki náðist í valhóp næsta vetur. Fámennur hópur lauk fjölbrautar fatahönnun en eftirleiðis verður áfanginn kenndur í FG. Nýja námsmatið var innleitt í alla árganga í list- og verkgreinum og gefið í bókstöfum. Að baki bókstöfunum liggja ekki stig heldur lýsing á því hvaða markmiðum þarf að ná í hverju verkefni fyrir sig til að uppfylla þau viðmið sem hver bókstafur fyrir sig þýðir. Í byrjun annar sjá nemendur viðmiðin. Þetta auðveldar leiðsagnarmat og sjálfsmat nemenda ef þeir hafa fyrir framan sig skilgreininguna á bókstöfunum.

Þróunarverkefni og hvert er stefnt. Unnið var með læsi til náms í textíl og fatahönnun eins og í öðrum greinum. Gerð voru sameiginleg hugtakakort þar sem allir lögðu eitthvað til málanna. Í vinnuöppur skráðu nemendur hvað þeir gerðu en henni er ætlað að endurspegla vinnuna. Unnið er með endurnýtingu á skapandi hátt. Í vetur var leitað til fyrirtækja um efni, leður, áklæði og fl. sem má endurnýta og voru nemendur einnig hvattir til að koma með fatnað til að endurnýta eða breyta.



Áfram verður unnið með nýsköpun og endurnýtingu á næsta skólaári í þróunarverkefni.

Stíll fatahönnunarkeppni félagsmiðstöðvanna gekk ljómandi vel þetta árið og fengu nemendur okkar verðlaun fyrir 2. sætið og verðlaun fyrir bestu fantasíuförðunina. Einhverjir skólar ætla að taka upp valgrein sem heitir Stíll og gengur út á að undirbúa sig fyrir þátttöku í keppninni. Mætti íhuga að bjóða upp á þá valgrein fyrir næsta skólaár. Keppnin sem áður var í nóvember verður haldin á næsta ári í mars.

Úrbótatillögur. Í textílstofunni er brýnt að fara að pússa upp parket og harðviðarborðin. Stólarnir eru slitnir og þarfnast endurnýjunar. E.t.v. dagar lágmarksviðhaldi á húsgögnum til að byrja með. Tækjabúnaður hefur verið endurnýjaður jafnóðum og stofan er rúmgóð og vinnuaðstaðan hentug.

21. júní 2016,
Guðrún Björk Einarsdóttir

SKÝRSLA KENNSLURÁÐGJAFI Í TÖLVU- OG UPPLÝSINGATÆKNI Í GARÐASKÓLA

Nýr kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni hóf störf 1. júní 2015. Áframhaldandi þróun var á upplýsingatækni í 8. bekk, sem og nýjum valfögum í forritun (Alice/Unity) og Lego Mindstorm. Fleiri kennarar hófu notkun á [Google Classroom umhverfinu](#). Stefnt er á enn frekari notkun næsta skólaár í

takt við breyttar áherslur skólans í umhverfismálum, m.a. með minni prentun. Garðaskóli tók í fyrsta skipti þátt í verkefninu [Stelpur og tækni](#) og fóru 22 stelpur úr 9. bekk í Háskólann í Reykjavík og fyrirtækið [Qlik](#) til að fræðast meira um starfsemina þar.

Tvö þróunarverkefni á sviði upplýsingatækni, með styrk frá Próunarsjóði Garðabæjar voru keyrð undir stjórn Garðaskóla. Annars vegar námskeið í kvikmyndalæsi og -gerð fyrir tíu nemendur úr hverjum skóla Garðabæjar, á vegum RIFF. Hins vegar þarfagreining og upplýsingatækni námskeið fyrir faggreinakennara unglingadeilda Garðaskóla, Álftanesskóla og Sjálandsskóla. Kennsluráðgjafi setti á fót vefsíðuna [Upplýsingatækni í Garðaskóla](#) þar sem meðal annars má finna kennslumyndbönd og aðrar upplýsingar um upplýsingatækni í skólanum. Fleiri kennslumyndbönd munu bætast við á næsta skólaári í tengslum við styrk frá próunarsjóði Garðabæjar.

Hafin var undirbúningsvinna við fyrirhugaðar breytingar á tölvustofum og bókasafni í miðrými efri hæðar Garðaskóla. Kennsluráðgjafi og Ingibjörg Anna Arnarsdóttir aðstoðarskólastjóri fóru í tengslum við þessa endurhönnun í náms- og kynnisferð til New York til að afla sér upplýsinga um hönnun nýrra námsrýma í Bandaríkjunum.

Júní 2016,
Hildur Rudolfsdóttir



Nemendur í 8. bekk vinna verkefni í upplýsingatækni

SKÝRSLA BÓKASAFNS GARÐASKÓLA

Skólasafni Garðaskóla er ætlað að vera vettvangur náms og fræðslu. Þangað geta nemendur og starfsmenn skólans leitað til upplýsingaöflunar og úrvinnslu margs konar verkefna. Þar eru einnig tiltækar unglingabækur, skáldsögur og annað skemmtiefni sem hvetur og örvar nemendur til yndislestrar. Aðstað er til lestrar og næði til náms í rólegu umhverfi.



Opnunartími safnsins var örlítið styttri í ár en fyrri ár. Var það opið sem hér segir:

mán	8:10-15:30
þri	9:10-15:30
mið	9:10-15:30
fim	9:10-15:30
fös	9:10-14:30

Forstöðumaður safnsins er María Hrafnadóttir og Svanhildur Guðmundsdóttir leysti af í kaffihléi og matartíma.

Húsnæði safnsins var óbreytt frá fyrra ári og sömuleiðis húsbúnaður sem er orðinn lúinn og farinn að láta á sjá. En það horfir nú til betri vegar með tilkomu nýs upplýsingarvers sem ráðgert er að innrétta í miðrymi skólans á efri hæð skólans. Full þörf er á auknu rými en núverandi húsnæði safnsins rúmar aðeins 50 manns í sæti og er oft þröng á þingi.

Safnkostur. Í upphafi skólaárs í ágúst 2015 var heildarsafnkostur 16.810 eintök. Mestur hluti hans eru bækur eða rúm 15.000 eint. Á skólaárinu bættust við 400 eintök umfram afskriftir sem voru 235 í ár. Árlega eru afskrifaðar bækur sem teljast úreltar, ónýtar eða glataðar. Þegar talað er um glataðar bækur og gögn eru það fyrst og fremst bækur sem brottfararnemendur skila ekki í skólalok. Vanskil nemenda verður að teljast töluvert áhyggjuefni og virðist bara aukast með árunum.

Auk bóka ber að nefna að 25 tæki bættust við. Þar er átt við mp3-spilara, geisladrif, spjaldtölvur og fleiri smátæki sem lánuð eru út gegnum safnið.

Efnistegund	Fjöldi
Snældur	83
Snælda/hljóðbók	161
Bækur	15064
Spil	19
Geisladiskar	173
Geisladiskur/hljóðbók	564
Tölvugögn	57
Mynddiskar	232
Tæki	164
Tímaritshefti	54
Kort	14
Myndbönd	225
Samtals	16810

Safnkostur í upphafi skólaárs

Efnistegund	Fjöldi
Snældur	77
Snælda/hljóðbók	161
Bækur	15440
Spil	21
Geisladiskar	173
Geisladiskur/hljóðbók	564
Tölvugögn	57
Mynddiskar	267
Tæki	190
Tímaritshefti	58
Kort	14
Myndbönd	223
Samtals	17245

Safnkostur í lok skólaárs

Útlán. Verulega hefur dregið úr heildarútlánum á safninu í vetur. Skráð útlán bóka og gagna í vetur voru 6111 eintöku en voru í fyrra 9046 eintök. Nokkuð hefur dregið úr útlánum bóka til yndislestrar þrátt fyrir yndislestrarstundir á hverjum skóladegi. Athyglisvert er að það er annað árið í röð sem dregur úr útlánum skáldsagna og unglingabóka. Erfitt er að segja til um ástæðu þess en leiða má að því getum að það sé vegna þess að nemendur hafa frjálst val um lesefni í lestrarstundunum og geta valið að lesa teiknimyndasögur, námsbækur og ýmis blöð. Ekki er gerð krafa um bóklestur eins og gert var þegar lestrarstundir voru skipulagaðar í íslenskutímum, heldur lestur í viðum skilningi.

Mest hefur dregið úr útlánum spjaldtölva frá fyrra ári. Skýringin á því gæti verið að nýjabrumið er að mestu farið af notkun þeirra. Einnig getur skýringa verið að leita í fyrirkomulegi útlánanna. Bara er hægt að fá lánað eitt stórt bekkjarsett með 23 spjaldtölvum eða eitt sett með 5-6 spjaldtölvum. Ugglaut væri meiri notkun ef til væru fleiri heil bekkjarsett. Að venju eru vanskil í vetrarlök of mikil enda formlegur bókaskiladagur daginn fyrir skólaslit. Betra væri ef bókaskiladagur væri strax í lok

hefðbundinnar kennslu áður en nemendur fara í vorferðir. Vanskil burtfararnemenda í vor voru 80 bækur sem verða þá afskrifaðar á næsta skólaári en heildarvanskil við skólalok voru um 130 bækur.

Útlán 2014-2015

Efnistegund	
Bækur	4278
Hljóðbækur	42
DVD	90
Tæki	4632
Myndbönd	2
	9046

Útlán 2015-2016

Efnistegund	
Bækur	4020
Hljóðbækur	44
DVD	62
Tæki	1984
Myndbönd	2
	6111

Starfsemi safnsins. Hefðbundin vetrardagskrá safnsins hófst með safnkynningu fyrir alla 8. bekki. Í nóvember kom Ragnheiður Eyjólfsdóttir handhafi Íslensku barnabókaverðlaunanna 2015 og las fyrir nemendur úr verðlaunabók sinni Arftakinn : skuggasaga. Hin hefðbundna jólabókakynning fór fram í desember. Á þessu sinni voru það stæðfræðikennarar sem komu með hópna sína úr öllum árgöngum á safnið, 2 til 3 hópar samtímis. Venjan hefur verið sú að íslenskukennarar koma með hópna sína en þeir vorum allir að prófa nemendur á þessum tíma.



Á vorönn voru unnin stór verkefni í íslensku og samfélagsfræði. Efni sem nýttist nemendum við

úrvinnslu var tínt til á vagn og var til afnota á safninu og í tölvustofum.

Safnið var nýtt þegar kom að úrvinnslu verkefna í fleiri greinum s.s. upplýsingatækni, tungumálum og náttúrufræði. Þá nýttu nemendur tölvur, prentara og safnkostinn. Mikil örtröð skapaðist í lok vorannar þar sem allir nemendur voru að ljúka verkefnum og enn sem fyrr að prenta verkefni þrátt fyrir góðar fyrirætlanir um pappírslaus skil.

Garðabær, 10. júní 2016
María Hrafnadóttir

SKÝRSLA GARÐALUNDAR

Haustönn. Vetrarstarf Garðalundar byrjaði með opnu húsi þann 9. september með starfsmannaratleik og skemmtilegum þrautum. Félagslífið fór svo í gang af fullum krafti með opunarballinu sem var með þemað "Glow in the dark", og voru allir hvattir til að mæta í hvítu og var mikið um neon liti og neon málingu. Ballið heppnaðist mjög vel og mættu um 350 gestir. Á dagskrá í september má pizzukeppni, bandymót, karokee keppni, skotbolta og spil. Fjölbreytt og skemmtilegt.

Landsmót Samfés var haldið 9-11. október á Akureyri og lögðu 6 krakkar land undir fót frá Garðalundi. Einn nemandi fór gagnert til að bjóða sig fram í ungmennaráð, Indíana Lind Gylfadóttir í 10.bekk, og náði hún kjöri og hefur hún staðið sig með stakri þryði í ráðinu í vetur. Stíll klúbburinn byrjaði að hittast einu sinni í viku í textílstofunni og voru fimm hópar skráðir til keppinnar. Október hélt svo áfram með góðri dagskrá, DIY tie-dye, kaffihúsakvöldi, ráðgátukvöldi, feluleik í skólanum og ótrúlega flottu mini golfi þar sem braut var sett upp í matsal nemenda. Vinaball var 30. október og fengu nemendur að bjóða vinum sínum úr öðrum skólum á ballið, mikil stemming og ótrúlega flott mæting, voru yfir 450 manns í húsi og mikið stuð.



Nóvember byrjaði á bragðarefskvöldi með ótrúlega flottri mætingu eða um 150 krakkar þar sem ís og nammi kláraðist á fyrsta klukkutíma en starfsmenn brugðust hratt við og hlupu út í búð og redduðu málunum. Félagsmálavalið skipulagði stórskemmtilega dagskrá fyrir afmæli skólans þann 11. nóvember. Stíll innanhússkeppnin var haldin 16. nóvember en það voru þær Guðrún Ísabella, Valdís og Sóley í 10. bekk sem sigruðu annað árið í röð með ótrúlega flottri hönnun en þemað var náttúra. Þann 27. nóvember var stelpukvöldið og það gekk frábærlega vel og nánast allar stúlkur í Garðaskóla mættar. Stelpurnar skreyttu salinn hátt og lágt mjög flott. Í lok mánaðarins tók svo Stíll 2015 aðalkeppnin í Hörpu en stelpurnar okkar lentu í 3. sæti og fengu einnig sér verðlaun fyrir bestu förðun. Og heldur Garðalundur áfram að sanna sig í þessari keppni með svona afburða flotta krakka. Haldin voru tvö Tabú kvöld þessa önnina eitt fyrir stúlkur og annað fyrir stráka. Þar velta krakkarnir upp spurningum sem á þeim brennur og leitað leiða til svara af skyndsemi. Heppnuðust bæði kvöldin mjög vel.



Jólamatur 10. bekinga

Desember var pakkaður af skemmtilegri og fjölbreyttri jóladagskrá en hann hófst á jólaföndri með DIY klúbbunum þar sem skreytt voru kerti og krukkur. Þá skreyttu krakkarnir félagsmiðstöðina og bökuðu smákökur. Garðalundur bauð öllum 10. bekingum í jólamat 10. desember en þetta er mjög kósý og hugguleg stund þar sem nemendur og starfsfólk Garðalundar ásamt umsjónarkennurum njóta samverunnar í hátíðlegu andrúmslofti. Krakkarnir gæddu sér á hamborgarahrygg og gratíneruðum kartöflum og ísköku í eftirrætt. Jólaútvarpið var dagana 14.-17. desember og gekk það ágætlega. Margt annað var á dagskrá til dæmis jólaball 17. des, jólabíó og jólabingó.

Vorönn. Nýja árið hófst á skráningu í skíðaklúbbanna. Opin hús byrjuðu aftur 6. janúar, starfsemin var fjölbreytt að venju og má nefna burpees keppni, TieDiy, pizzakeppni og byrjaði leiklistin af fullum krafti. Söngkeppni Garðaskóla var haldin 15. janúar og var það Indíana Lind úr 10. bekk sem fór með sigur úr bítum og tók þátt 2 vikum seinna í Undankeppni Kragans og stóð sig mjög vel.

Fyrsta ball annarinnar var svo haldið 5. febrúar með 80's þema skemmtilegt ball með metnaðarfullum outfittum.

Vetrarfrið hófst 15. febrúar og stóð til 22. feb.

Eftir vetrarfrí fór draugahúsnefndin á fullt að skipuleggja hið víðfræga draugahús sem var á dagskrá 26. febrúar og rúllaði allt vel og góð aðsókn úr 8. bekknum. Komu margir að í draugahúsnefndinni og eiga allir hrós skilið.


Marsmánuður var þéttskipaður og farið var í skíðaferð eldri hópsins til Akureyrar 9.-12. mars og skemmtu allir sér mjög vel í þeirri ferð. 8. bekkur fór svo í Bláfjöll 9-11. mars en urðu því miður frá að hverfa vegna ofsaveðurs.



Helgina 4-5. mars fór Garðalundur með 80 manna hóp á Samféshátíðina þar sem um 5000 unglingar skemmtu sér í Laugardalshöll á föstudagskvöldi. Daginn eftir var svo aðal söngkeppnin sem var flott að vanda, mikið af hæfileikaríkum unglingum sem létu ljós sitt skína.

Farið var á Skólahreysti 9. mars en lið Garðaskóla stóð sig einstaklega vel í gríðarlega sterkum riðli.

Páskabingóið var á sínum stað 18. mars og var allt flæðandi í páskaeggjum. Undirbúningur fyrir árshátíðina byrjaður og leikhópurinn á fullu að undirbúa frumsýningu.



Apríl byrjaði með trukki, frumsýning Cry Baby undir leikstjórn Dominique Gyðu Sigrúnardóttur var þann 30. mars og tókst hún ótrúlega vel. Leiksýningarnar gengu fyrir fullu húsi til 15. apríl og urðu þær alls 12 talsins.

Árshátíðin var 27. apríl með frábærum skemmtiatriðum t.a.m. frá krökkunum, Ingó Veðurguð, Erpi og 12:00 svo eitthvað sé nefnt. Krakkarnir skreyttu íþróttahúsið Ásgarð frá toppi til táar í anda „Great Gatsby“ þemunnar og mættu í sínu fínasta pússi. Mikill metnaður var lagður í skreytingarnar og var talað um glæsilega árshátíð.

Mikið var brallað á opnum húsum í vetur m.a. smoothie gerð, skotbolta, escapekvöld, pógókeppnir, spilakvöld, kokkakeppni, playstation kvöld, tabú-kvöld og kappát. Garðalundur er án efa ein af virkari félagsmiðstöðvum, á landinu, státar af mikilli hefð og metnaðarfullum

krökkum í félagsmálaforystu. Að jafnaði er skipulagt starf fjórum til fimm sinnum í viku í boði fyrir unglinga bæjarins. Við erum mjög stolt af starfinu en alltaf til í gera enn betur.

Það má veita meira fjármagni inn í starfið og auka t.d. sérhæft klúbbastarf og hópastarf. Það fylgir að þeir sem kunna eitthvað fyrir sér eru oftast en ekki dýrari leiðbeinendur. En húsnaðið þarfnast enn úrbóta m.a. í læstum skápum, nýjum sófum og mætti bæta tölvukost fyrir nemendur sem sækja félagsmiðstöðina.

Mörg íþróttafélög og félagsmiðstöðvar nutu góðs af gistingu í Garðaskóla í umsjón Garðalundar og Fjölbrautaskólinn í Garðabæ þáði ýmsa tæknilega aðstoð. Einnig fékk Dale Carnegie aðstoðu í vetur fyrir uppbyggingarnámskeiðin sín.

Félagsmálafræði heldur áfram að vera vinsælt sem valfag og voru alls 14 nemendur sem útskrifuðust vorið 2016. Veturinn var viðburðaríkur og skemmtilegur, Garðalundur þakkar starfsfólki Garðaskóla fyrir samstarfið í vetur.

f.h. Garðalundar
Ásta Júlía Elíasdóttir, aðstoðarforstöðumaður

SKÝRSLA NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFNA


Í ársskýrslu verður fjallað um helstu verkefni og áherslur í starfi náms- og starfsráðgjafa í Garðaskóla skólaárið 2015-2016. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er m.a. að vinna með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum, starfsmönnum skólans og Garðalundar að velferð nemenda hvað varðar líðan, nám og framtíðaráform. Einnig vinna námsráðgjafar með starfsfólki á fræðslu- og menningarsviði og fjölskyldu- og heilbrigðissviði Garðabæjar og Heilsugæsluteymi Garðabæjar að málum nemenda.

EINSTAKLINGSMÍÐUÐ RÁÐGJÖF

Ráðgjöf á einstaklingsgrunni er umfangsmikil í starfinu og hitta námsráðgjafar stóran hluta nemenda yfir veturinn. Nemendur koma helst vegna vanda sem tengist námi þeirra, vegna persónulegra mála, námssvals og samskiptaerfiðleika. Nemendur leita oft sjálfir eftir aðstoð eða koma fyrir milligöngu foreldra eða kennara. Alls komu 248 nemendur úr öllum árgöngum í einstaklingsviðtöl til námsráðgjafa. Margir komu oft yfir veturinn og voru í tengslum við námsráðgjafa stóran hluta eða allt skólaárið. Námsráðgjafar eru oft í miklum samskiptum við forráðamenn, umsjónarkennara og stjórnendur skólans vegna nemenda og eru m.a. með þeim í teymisvinnu fyrir einstaka nemendur sem þurfa mikinn stuðning.

Athygli vekur að í núverandi 10.bekk er nokkur kynjamunur þar sem nánast helmingi fleiri stúlkur leituðu aðstoðar námsráðgjafa en drengir en í 8.-9. bekk eru kynjahlutföllin nokkuð jöfn.

Mynd 1. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum og kyni sem komu til námsráðgjafa í viðtöl í eitt skipti eða oftar skólaárið 2015 - 2016. Í þessum tölum eru ekki talin viðtöl við 98 nemendur í 10.bekk vegna áhugakönnunarinnar Bendils og námslokaviðtöl við alla nemendur 10.bekkar, samtals 150 nemendur.



HÓPRÁÐGJÖF OG FRÆÐSLA.

Nemendur í öllum árgöngum fá fræðslu í minni hópum eða bekkjum. Hér má sjá helstu viðfangsefni fræðslunnar eftir árgöngum:

8.bekkur. Námsráðgjafar hittu nemendur í þrjú skipti yfir veturinn í minni hópum í námsráðgjöfinni og í kennslustundum:

- kynning á starfsemi námsráðgjafar, umræða um samskipti og bekkjaranda
- kynning á ferða- og hópakerfi í 9. og 10.bekk
- umræður og fræðsla um samskipti og einelti - nemendaráðgjafar sáu um fræðslu undir leiðsögn námsráðgjafa

9.bekkur:

- kynning á námsframboði á framhaldsskólastigi
- námsráðgjafar útbjuggu eineltisfræðslu fyrir nemendur sem fór fram í umsjónartímum

10.bekkur. Náms- og starfsfræðsla fer að hluta til fram í umsjónartímum þar sem námsráðgjafar hafa m.a. kynnt námsframboð framhaldsskólanna, innritunarferlið, val á brautum í framhaldsskóla og staðið fyrir umræðum um áhugasvið. Nemendur í 10. bekk fóru í kynningar á vordögum sem voru í tengslum við GERT verkefnið (sjá nánar undir GERT- dagar). Í desember var haldin starfamessa þar sem forráðamenn kynntu störf sín en einnig komu fulltrúar frá fyrirtækjum sem eru í GERT samstarfi.

Helstu viðfangsefni vetrarins í náms- og starfsfræðslu:

- Áhugasviðskönnun
- Upplýsingar um námsframboð framhaldsskóla
- Áfanga- og bekkjarkerfi kynnt, upplýsingar um innritunarferli
- Umræður og verkefni um gildi starfa
- Ferilskrá
- Starfskynningar og starfsfræðsla
- Námslokaviðtal

Nemendur í 10. bekk höfðu kost á því að taka áhugakönnunina *Bendil* á vorönn og 65 % þáðu það. Í framhaldinu fengu nemendur einstaklingsviðtal hjá námsráðgjafa þar sem niðurstöður voru ræddar með hliðsjón af framtíðaráformum þeirra. Námslokaviðtöl voru tekin við alla nemendur í 10. bekk þar sem farið var yfir námsval og nemendur studdir í að velja sér námsbraut og framhaldsskóla eftir áhugasviði og m.t.t. árangurs úr 10. bekk. Nokkrir nemendur þurftu meiri leiðsögn og ráðgjöf og var forráðamönnum þeirra boðið að koma með í viðtal.

ÝMIS VERKEFNI

GERT - dagar. GERT verkefnið - Grunnmenntun eflað í raunvísindum og tækni er heiti aðgerðaáætlunar Samtaka iðnaðarins, Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að auka áhuga grunnskólanemenda á raunvísindum og tækni. Garðaskóli er aðili að verkefninu en markmiðið með þátttöku er auk þess sem hér var nefnt, að efla sýn nemenda á þeim fjölbreyttu störfum sem unnin eru innan þeirra fyrirtækja sem eru aðilar að GERT verkefninu. Markmiðið er einnig að opna augu nemenda fyrir tengslum starfa við nám bæði í framhaldsskóla og þegar lengra er komið og brúa það bil sem er milli núverandi stöðu og framtíðarþarfa nemenda og vinnumarkaðar.

Ákveðið var að hafa þrjá starfsfræðsludaga fyrir 10. bekk á vordögum, tveir dagar áætlaðir í heimsóknir og þriðja daginn yrðu vinnustofur í Garðaskóla með fjölbreyttum kynningum tengdum námi og störfum.

Nemendur völdu sér þrjú fyrirtæki til að heimsækja og þá fengu allir nemendur að heimsækja Tækniskólann - skóla atvinnulífsins. Í allt voru því heimsóknirnar fjórar á hvern nemanda en 16 fyrirtæki og stofnanir tóku þátt í verkefninu með okkur. Val nemenda fór fram í Námfúsi og voru heimsóknir skráðar á tvo heila daga. Markmið með vali nemenda var fyrst og fremst að þeir gætu valið eftir áhuga innan ramma GERT verkefnisins.

Alls voru heimsóknirnar 26 á höfuðborgarsvæðinu og dreifðust á 151 nemanda í 10.bekk. Einn til tveir starfsmenn fylgdu hverjum hópi. Tveir starfsmenn sáu um skipulagningu verkefnisins á vordögum, námsráðgjafi og deildarstjóri 10.bekkja.

Nemendaráðgjöf. Þetta skólaárið störfuðu 14 nemendur í 9. og 10. bekkjum sem nemendaráðgjafar en nemendaráðgjöf hefur verið valfag síðastliðin ár. Nemendaráðgjafar unnu undir leiðsögn námsráðgjafa og tóku m.a. þátt í móttöku og aðlögun nýrra nemenda, voru með jafningjafræðslu um einelti fyrir alla nemendur í 8. bekk og unnu verkefni tengd fordómum. Næsta ár verður hafður annar háttur á nemendaráðgjöfinni þar sem hópurinn verður minnkaður og strangari skilyrði sett fyrir þá sem sækjast eftir því að verða nemendaráðgjafar.



Nemendaráðgjafar 2015-2016

Önnur verkefni námsráðgjafa voru m.a.:

- kynning á stöðu GERT verkefnisins á vörfundum GERT. Samtök iðnaðarins, MMR og Samtök íslenskra sveitafélaga
- dagur gegn einelti í nóvember 2015
- skipulagning á aðlögun og móttöku nýrra nemenda og eftirfylgd með þeim
- þátttaka á kynningarfundum fyrir foreldra og nemendur í 8. bekk að hausti
- seta í áfallaráði skólans
- þátttaka í hugarflæði hópi í Garðabæ um kvíða, snjalltækjanotkun og svefnvenjur barna og unglinga
- þátttaka í hópi í Garðabæ um brottfall úr skóla
- þátttaka í vinnu grunnskóla Garðabæjar í verkefninu Jafnrétti, kynheilbrigði og velferð
- skráning fundargerða nemendaverndarráðs
- seta í eineltisteymi skólans
- kynning á eineltisstefnu skólans fyrir starfsfólk
- umsjón með starfskynningum 8. og 9. bekkja á vordögum

- samráðsfundir náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Garðabæjar
- samráðsfundir með náms- og starfsráðgjöfum úr öðrum bæjarfélögum
- reglulegir samráðsfundir allt skólaárið með fulltrúum í eineltisteymum grunnskóla Garðabæjar
- í verkefninu „Gegn einelti í Garðabæ“

ENDURMENNTUN OG VIÐHALD FAGÞEKKINGAR

ágúst 2015	Læsi til náms, námskeið í Garðaskóla
ágúst 2015	Tveggja daga námskeið með Dave Andersen. Hvert stefnum við í Garðaskóla?
september 2015	Einelti er ógeð. Erindi - samtök um samskipti og skólamál
október 2015	Staðreyndir í stuttu máli. Hádegisfyrirlestrar Rannsóknar og greiningar. Háskólinn í Reykjavík
október 2015	Félag náms- og starfsráðgjafa og Norræna tengslanetsins um menntun fullorðinna. Færni til framtíðar - mótun starfsferils
október 2015	Umsjón með vinnustofum á Degi náms- og starfsráðgjafa ásamt verkefnastjóra GERT
nóvember 2015	Nýtt námsmat og innritun í framhaldsskóla. Fundur á vegum MMS haldinn í Garðaskóla
janúar 2016	Er geðheilbrigði forréttindi? Morgunverðarfundur á vegum Náum áttum
febrúar 2016	Tveggja daga námskeið með Dave Anderson m.a. um leiðtogahæfni
mars 2016	Kynning á Fiskitækniskólanum á vegum Skólaskrifstofu Garðabæjar
apríl 2016	Lausnir um málefni barna sem passa ekki í kassann. Hvað getum við gert og hvers vegna er það mikilvægt? Samfok
júní 2016	Tveggja daga námskeið í Uppbyggingu. Haldið í Southend on Sea í Bretlandi

LOKAORÐ

Líkt og fram hefur komið í ársskýrslum síðustu ára þá er nokkur aukning á tilfinningalegum erfiðleikum hjá nemendum og svo komið að nokkrir nemendur hafa ekki getað sótt skóla vegna vanlíðunar. Þessi hópur sem hefur farið ört stækkandi síðastliðin misseri þarfnast oft aðstoðar utan skóla t.d. hjá sálfræðingum, barnaverndanefnd og Heilsugæsluteymi Garðabæjar.

Við fögnum því að skólaskrifstofa Garðabæjar hefur haft frumkvæði að því að kalla til sín lykilstarfsmenn úr grunnskólum Garðabæjar til umræðu um líðan barna og unglunga. Við teljum þörf á því að skoða hvaða þættir það eru sem ýta undir vanlíðan og fjarvistir úr skóla og teljum að það þurfi að vinna það starf á breiðum vettvangi í samstarfi við heilsugæslu, barnaverndaryfirvöld, skólaskrifstofu og aðra fagaðila. Skólinn og þ.m.t. námsráðgjafar leitast eftir að koma til móts við þá sem eru í miklum vanda en lausnir og úrræði eru ekki alltaf tiltæk. Þá væri mikilvægt að vera í meira samstarfi og fá leiðsögn frá þeim fagaðilum sem vinna með nemandann utan skólans og mynda þar með heildstætt teymi ásamt forráðamönnum utan um hann til að ná tilætluðum árangri. Þannig gætu m.a. námsráðgjafar sinnt stuðningi með markvissari hætti þar sem allir væru að vinna að skýru markmiði með hagsmuni nemandans að leiðarsljósi.

Í ljósi þessa teljum við að grípa þurfi enn frekar og fyrr inn í mál nemenda og vera vakandi yfir viðvörunarmerkjum, en það geta verið ítrekuð skráð veikindi eða aðrar fjarvistir úr skóla. Þá er mikilvægt að fá forráðamenn og aðra sem koma að máli nemandans í markvissa vinnu með skólanum um að skoða ástæður, úrræði og skipuleggja eftirfylgni í samráði við deildarstjóra.

Við þökkum öllu samstarfsfólki okkar fyrir gott samstarf í vetur.

Garðabæ, júní 2016
Auður Sigurðardóttir og Ásta Gunnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafar Garðaskóla